

6. tbl. 30. árgangur desember 2008

Virðing  
Réttlæti

VR

BLAÐIÐ



## Félagsmál


- 04 Staða sjóða VR
- 05 Hádegisfyrirlestrar
- 06 Yfirlýsing frá formanni
- 07 Kosningu verður flýtt
- 16 Launapróun VR félaga
- 19 75% styrkur vegna náms atvinnulausra
- 20 Tækifæri fyrir atvinnulausa

## Stjórnendakönnun

- 10 Sjálfstæði er best og álagið verst
- 11 Viðráðanlegt álag
- 12 Vinna, vinna og aftur vinna
- 13 Hvort er í forgangi, starfið eða einkalífið?

## Viðtöl og greinar

- 08 Pistill Þráins Bertelssonar
- 18 Dönsk jól  
Uppskrift frá Kalla kokk
- 22 Jólin verða stór í hjarta fólks  
Rithöfundaspjall
- 28 Hrunið og leiðin fram á við  
Ólafur Ísleifsson hagfræðingur



### VR

Húsi verslunarinnar  
Kringlunni 7, 103 Reykjavík  
Sími 510 1700  
vr@vr.is



## Leiðari

# Lumar þú á góðri hugmynd?

Er eitthvað sem VR getur gert til að styðja betur við þá sem hafa eða eru að missa vinnuna? VR leitar nú leiða til að létta atvinnulausum sporin og lýsir eftir hugmyndum frá ykkur, félagsmönnum. Við viljum bæði heyra frá ykkur og vinna með ykkur að því að koma til móts við þá félagsmenn sem þurfa á okkur að halda á annan hátt en verið hefur.

Þegar hefur verið ákveðið að bjóða atvinnulausum ódýrt mánaðarkort í líkamsrækt og aukna niðurgreiðslu úr starfsmenntasjóðunum og eru þessar nýjungar kynntar nánar á bls. 19-21. Nokkrar aðrar hugmyndir eru í gerjun sem ég vil nefna hér. Ein þeirra er að efna til hverfastarfs með félagsmönnum, þ.e. að félagsmenn í einstökum hverfum borgar og bæja hittist vikulega, fái sér göngutúr, drekki saman kaffi eða hlýði á uppbyggilegan fyrirlestur. Markmiðið væri að nýta samstöðuna til að styrkja hvert annað.

Önnur hugmynd er um svokölluð örlán til fólks sem vill skapa sér atvinnutækifæri. Hagfræðingurinn dr. Muhammad Yunus, sem fékk Friðarverðlaun Nóbels árið 2006, hóf árið 1976 að lána fátæku fólki í heimalandi sínu, Bangladesh svokölluð micro loans í þeim tilgangi

að hjálpa fólki að verða sjálfsbjarga. Hann stofnaði síðan Grameen Bank (Þorpsbankann) sem er í eigu þeirra sem hann þjónar, lántakendum, sem telja nú 7,5 milljónir í heimalandi hans. Þess má geta að 97% lántakenda eru konur og 98% standa í skilum. Bankinn skilar hagnaði þrátt fyrir hrakspár um gengi hans. Hann krefst engra trygginga og þar starfa engir lögfræðingar. Þessi tegund bankastarfsemi hefur nú breiðst út um allan heim, 130 milljónir manna hafa nú notið góðs af, og hefur hún borist til Evrópu og USA þó það sé í annari mynd en í þróunarlöndunum. Er þetta e.t.v. eitthvað sem VR á að skoða nánar með félagsmenn sína í huga?

VR leitast við að þróast í takt við samfélagið. Allar hugmyndir eru því vel þegnar, stórar sem smáar og verður öllu haldið til haga. Fólki er hvatt til að senda inn hugmyndir sínar beint til ritstjóra VR á netfangið [anna@vr.is](mailto:anna@vr.is).

GPP



## Jólaaðstoð 2008

Jólaeveðja VR í ár er í formi fjögurra milljóna króna fjárframlags til Mæðrastyrksnefndar og Hjálparstarfs kirkjunnar en félögin munu auk Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands sameinast um jólaaðstoð í ár. Markmiðið með samstarfi þessara þriggja aðila er að bæta skilvirkni og auka aðstoð við þá sem leita eftir henni, hvará landinu sem þeir búa. Aðstoðin felst fyrst og fremst í úthlutun matvæla. Ljóst er að þörfin er mikil og að margir þurfa á stuðningi að halda um jólin.

Með þessu fjárframlagi fylgir ósk um gleðileg jól og farsæld á nýju ári til landsmanna allra og ekki síst þeirra sem stríða við erfiðleika og veikindi.

## Desemberuppbót

Desemberuppbót fyrir fullt starf á árinu er kr. 50.000 og á að greiðast í síðasta lagi 15. desember. Reiknivél og nánari upplýsingar um útreikning desemberuppbótar skv. starfshlutfalli er að finna á [www.vr.is](http://www.vr.is).

## Staða sjóða VR

Samkvæmt mati fagaðila á peningalegum verðmætum sjóða félagsins

Faglegt bráðabirgðamat viðskiptabanka VR gefur til kynna mun sterkari stöðu en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir þegar efnahagskreppan varð að veruleika. Samkvæmt mati þeirra hefur verðmæti félagsins í sjóðum þeirra rýrnað að jafnaði um 5% það sem af er ári. Helstu peningalegar eignir VR eru í sjúkrasjóði, orlofssjóði, varasjóði og félagssjóði og hefur fjárfestingastefna þeirra ætíð einkennst af mikilli varfærni. Allir sjóðir félagsins eru mjög áhættudreifðir en hlutfall innlendra hlutabréfa í þeim var lágt við bankahrunið. Hluti eigna sjóðanna er ávaxtaður í erlendum verðbréfum sem hafa skilað góðri ávöxtun. Það er ljóst að góð áhættudreifing hefur sannað gildi sitt í því árferði sem verið hefur undanfarnar vikur.

Eflaust velta margir félagsmenn fyrir sér hvers vegna fjármunir VR voru ekki allir á bundnum innlánsreikningum. Mikilvægt er að hafa í huga að fram að föstudeginum 3. október sl. (þ.e. áður en að neyðarlögin voru sett) var hámarkstrygging Tryggingasjóðs innistæðueigenda rúmar 3 m.kr. á innstæðu og miðaðist sú trygging við kennitölu í hverjum banka. Stærsti hluti eigna sjóða VR eru í dag ávaxtaðir í ríkisskuldabréfum og öðrum áhættulitlum bréfum. Styrkur sjóðanna er mikill og er til nægt laust fé til að viðhalda allri starfsemi með eðlilegum hætti. Það er því ánægjulegt að sú fjárfestingastefna sem viðhöfð hefur verið innan félagsins virðist vera að skila mun betri árangri en búast mátti við í því ástandi sem nú ríkir í efnahagsmálum.

## Silfurkúlan er fundin

Dýrmætt hálsmen finnst eftir mörg ár



Fyrir mörgum árum hafði kona samband við skrifstofu VR vegna þess að hún hafði gleymt hálsmeni í orlofshúsi VR. Menið sem er greinilega mjög dýrmætt, komst því miður aldrei til skila. Þetta er silfurkúla sem inniheldur myndir af barnabörnum og ættingjum konunnar. Fyrir undarlega tilviljun er þetta

men fundið. Við vonum svo innilega að það komist aftur til eiganda síns og því biðjum við félagsmenn okkar að spyrjast fyrir um hvort einhver kannist við myndina. Ef þú ert réttur eigandi þá vinsamlega hafðu samband við Þórunni á skrifstofu VR í Reykjavík.

# Hádegisfyrirlestrar

Hádegisfyrirlestrar VR eru jafnan vel sóttir enda kappkostað að hafa erindin áhugaverð. Fyrirlestrararnir eru öllum félagsmönnum opnir og ókeypis. Þeir eru haldnir milli kl. 12 og 13 í húsnæði VR, Húsi verslunarinnar, á 0 hæð. Léttar veitingar eru í boði.

## Geðorðin 10 og Geðræktarkassinn

8. janúar

Fyrirlesari: Elín Ebba Ásmundsdóttir, iðjubjálfi

Elín Ebba er þekkt fyrir að hrífa fólk með sér og virkja það. Hún ætlar að halda mannbætandi og hressandi erindi um tilurð og tilgang Geðorðanna 10 og Geðræktarkassans svokallaða. Hún segir okkur frá því hvernig þessar hugmyndir urðu til og hvernig þær nýtast okkur í hinu daglega lífi. Fyrirlestur sem á erindi til allra á erfiðum tímum í þjóðfélaginu.

## Það býr sigurvegari í þér

29. janúar

Fyrirlesari: Kolbrún Ragnarsdóttir

Fræðimenn úr ýmsum fræðigreinum velta nú fyrir sér hvað geri fólk hamingjusamt. Niðurstöðurnar eru óðum að skýrast og eitt af því sem menn telja að hafi mikil áhrif á hamingju og velgengi fólks er samspil viðhorfa, hugsana, tilfinninga og atferlis þess. En hvernig gera þeir sem ná árangri? Hvað gera íþróttamenn, hugsjónafólk, leiðtogar og stjórnendur til að ná árangri? Hvað gerir þá að sigurvegurum? Í fyrirlestrinum er rýnt dýpra í þetta samspil viðhorfa, hugsana, tilfinninga og atferlis þegar stefnt er að því að ná árangri. Leitað er fanga í fræðum jákvæðu sálfræðinnar, hugrænnar atferlismeðferðar og hamingjufræðanna, auk dæma úr hversdagsleikanum. Dregin eru fram helstu atriði sem hafa þarf að leiðarljósi til að ná árangri og efnið er framsett á myndrænan hátt.

## Breyttu streitu í orku og velgengi

19. febrúar

Fyrirlesari: Guðni Gunnarsson, upphafsmaður Rope-yoga

Á tímum uppsagna, krepputals og annarra streituvalda er mikilvægt að halda ró sinni og vera ánægður í núinu. Á þessu slökunar- og orkunámskeiði kennir Guðni Gunnarsson þátttakendum aðferðir til að virkja sínar andlegu uppsprettur svo þeir verði móttækilegri fyrir því að lifa í "núinu" og skapa það líf sem þeir velja hverju sinni. Þátttakendur læra að stjórna hugsunum sínum með það að markmiði að losna undan streitu og þreytu og öðlast þess í stað kraft til velgengi.

## Hamingja, mórall, vinnugleði og helvíti

12. mars

Fyrirlesari: Eypór Eðvarðsson

Samstarf á vinnustöðum ætti að geta gengið frábærlega því allir vilja að samskiptin séu góð, að verk séu vel og rétt unnin o.s.frv. En ekkert er sjálfgefið og bara sú staðreynd að 48% sambúða endar með skilnaði - og þar er byrjað með sterkar yfirlýsingar, tilfinningar og ætlanir - gefur vísbendingu að oft fari samstarf á annan veg en ætlað er. En hvernig er almennilegt samstarf á vinnustöðum? Því er hægt að svara á marga skemmtilega vegu og í fyrirlestrinum verður farið yfir þá. Hver ber ábyrgð á hamingjunni; Er það ég, yfirmaðurinn, skuldirnar, kreppan eða kokkurinn? Kannski er jafnvel einhverjum öðrum ætlað að smíða okkar gæfu.

Fleiri fyrirlestrar verða kynntir í næsta blaði. Skráning er í þjónustuveri VR í síma 510 1700 og á Mínum síðum á [www.vr.is](http://www.vr.is)

### Félagsmenn á Akranesi, í Eyjum og Austurlandi athugið:

Í vetur verður hægt að mæta á skrifstofuna á staðnum og fylgjast með í gegnum fjarfundarbúnað.

## Í brennidepli

# Yfirlýsing frá formanni VR

Hér að neðan er birt yfirlýsing Gunnars Páls Pálssonar, formanns VR, frá 9. nóvember 2008

„Töluvert hefur verið fjallað um aðkomu mína að þeirri ákvörðun stjórnar Kaupþings að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna bankans vegna lána sem tekin voru vegna kaupréttarsamninga. Í ljósi umræðunnar finnst mér rétt og eðlilegt að ég geri grein fyrir þeim áherslum sem ég hafði að leiðarljósi meðan ég sat í stjórn bankans. Ég var kosinn í stjórn Kaupþings í apríl 2001. Þá höfðu lífeyrissjóðirnir fjárfest umtalsvert í bankanum og því þótti eðlilegt að fulltrúi þeirra tæki sæti í stjórn hans. Mér fannst ekki stætt á öðru en þiggja stjórnarsetuna til þess að standa vörð um hagsmuni sjóðanna, ekki síst Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Eins og kunnugt er fóru miklir uppgangstímar í hönd með launagreiðslum sem voru þvert á launastefnu VR. Því gat ég ekki annað en setið hjá við atkvæðagreiðslu stjórnar um verulegar launahækkningar og kaupréttatákvæði til stjórnenda bankans og lét færa til bókar á stjórnarfundum 6. nóvember 2003 að ég gæti ekki stutt þess ákvörðun. Ákvörðunin var engu að síður samþykkt af meirihluta stjórnarinnar. Lagði ég þá til að ákvörðunin yrði lögð fyrir hluthafa sem var gert og var hún samþykkt mótakvæðalaust á aðalfundi bankans árið 2004. Á þessum tíma lá ég ekki á skoðunum mínum og ritaði m.a. tvo leiðara í VR blaðið um laun æðstu stjórnenda fyrirtækja, í febrúar 2004 og í maí 2006, auk greinar í Morgunblaðið 22. júlí 2006 um lýðræði í lífeyrissjóðunum.

Þrátt fyrir fyrrnefnda bókun mína og skrif kom fram gagnrýni á setu mína í stjórn bankans, einkanlega vegna þeirra launakjara sem þar voru í boði. Það var erfitt að vinna að heilindum fyrir VR og sitja um leið undir gagnrýni. Ég taldi þá rétt að aðrir en ég tækju ákvörðun um áframhaldandi stjórnarsetu mína bankanum.

Samkvæmt lýðræðislegum starfsháttum VR bar ég það upp á fundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna VR í janúar 2004 hvort ég nyti traust til setu í stjórnnum fyrirtækja og banka fyrir hönd lífeyrissjóðsins Niðurstaðan var afgerandi, rúmlega 70% fundarmanna töldu að formaður VR ætti að standa vörð um hagsmuni lífeyrissjóðsins og þá um leið félagsmanna í VR. Í skjóli þessa traust félaga minna hélt ég áfram stjórnarsetu í Kaupþingi.

Samkvæmt samþykki stjórnar og aðalfundar Kaupþing voru hagsmunir bankans tengdir við hagsmuni starfsmanna með þeim kaupréttarákvæðum sem ég greiddi ekki atkvæði með. Á stjórnarfundinum 25. september sl. þegar forstjóra bankans var heimilað að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna bankans samþykkti ég þá ákvörðun með hagsmuni umbjóðenda minna að leiðarljósi, en á þeim tíma var eign lífeyrissjóðanna í bankanum um 60 milljarðar króna og þá eign bar mér að verja.

Ákvörðunin var tekin til þess að koma í veg fyrir að starfsmenn seldu bréf sín en það var talið geta skaðað bankann á þessum viðkvæma tímum. Þegar þessi ákvörðun var tekin voru engin teikn á lofti um það sem síðar gerðist. Þeir stjórnarmenn sem áttu hagsmuna að gæta viku af fundi meðan ákvörðunin var tekin. Á fundinum sem tók þessa ákvörðun voru þeir lögfræðingar, Helgi Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður og lögfræðingur bankans, stjórnarmennirnir Ásgeir Thoroddsen hæstaréttarlögmaður og Bjarnfreður H. Ólafsson, héraðsdómslögmaður og töldu þeir ákvörðunina lögmæta. Hafði ég enga ástæðu til að véfengja álit þeirra. En rétt er að geta að síðar hafa fleiri lögfræðingar tekið undir skoðun þeirra.

„Niðurstaðan var afgerandi, rúmlega 70% fundarmanna töldu að formaður VR ætti að standa vörð um hagsmuni lífeyrissjóðsins og þá um leið félagsmanna í VR. Í skjóli þessa traust félaga minna hélt ég áfram stjórnarsetu í Kaupþingi.“



Ákvarðanir eru teknar miðað við þær forsendur sem liggja fyrir á hverjum tíma. Ég er þeirrar skoðunar að þessi ákvörðun hafi verið rétt þegar hún var tekin. Staða Kaupþings var sterk og eignir starfsmannanna að ég best vissi hærrí en skuldir þeirra og bankanum lítil hættu búin þótt gengi bréfanna hefði fallið um einhver prósentustig til viðbótar. Óeðlilegt er að meta þessa ákvörðun stjórnar Kaupþings í ljósi þess sem síðar gerðist með setningu neyðarlaga og gjörbreyttu starfsumhverfi bankans.

Fram hefur komið að konan mín og ég áttum hlutabréf í Kaupþingi. Í hlutafjáraukningu Kaupþings á árinu 2004 keypti ég hlutabréf fyrir 123.000 krónur og eiginkona mín fyrir 340.000 krónur. Að auki varði ég launum mínum sem stjórnarmaður í Kaupþingi til hlutafjarkaupa í bankanum. Við hjónin áttum samtals rúmlega 8 milljónir króna í hlutabréfum í Kaupþingi við fall bankans. Þessi hlutabréf voru að fullu greidd og engin lán tekin við kaup þeirra og þar af leiðandi engar ábyrgðir feldar niður.

Ég mun áfram starfa að heilindum fyrir félagsmenn VR og met mikils þann stuðning sem ég hef fengið bæði frá stjórn, trúnaðarráði og trúnaðarmönnum og fjölda félagsmanna. Ýmsir félagsmenn hafa gagnrýnt ákvörðun mína en ég hef reynt eftir fremst megni að svara spurningum þeirra og athugasemdum á heiðarlegan hátt. Því mun ég halda áfram á næstunni auk þess að ræða opinskátt við VR féлага á vinnustaðafundum.

**Gunnar Páll Pálsson, formaður VR.**

## Kosningu verður flýtt

Heitt í kolunum á félagsfundi VR

Um fimmhundrað og fimmtíu félagsmenn VR sátu fund 13. nóvember sl. þar sem umræðuefnið var gagnrýni sem fram hefur komið á störf formanns VR, Gunnars Páls Pálssonar, í stjórn Kaupþings. En margar ónægjuraddir hafa heyrst vegna þeirrar ákvörðunar bankans að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna. Nokkrir félagsmenn mótmæltu þessum gjörningi utan við Hús verslunarinnar í nokkra daga.

Boðað var til félagsfundarins í kjölfar fundar trúnaðarráðs og trúnaðarmanna en á þeim fundi var lagt til að boðað yrði til almenns fundar félagsmanna til að ræða málin. Gunnar Páll hóf fundinn á því að skýra sitt sjónarmið og er yfirlýsing hans birtist hér til hliðar. Fjöldargir tóku til máls á fundinum og voru skoðanir skiptar. Í upphafi voru háværar raddir uppi um að Gunnar Páll ætti að segja strax af sér og var talsverður hiti í fundarmönnum. Er líða tók á fundinn komu fram margar stuðningsyfirlýsingar við formanninn í starfi, menn voru beðnir að anda rólega og hugsa skynsamlega og vitnað í ljóð Steins Steinarrs sem hefst á orðunum; „Á Valhúsahæðinni er verið að krossfesta mann og fólkið kaupir sér far...“

Niðurstaða fundarins var sú að Gunnar Páll lagði til að trúnaðarráð yrði kallað saman innan tveggja vikna og að boðað verði til kosninga samkvæmt lögum félagsins um stjórn VR. Jafnframt að kosið verði um formann VR nú, þrátt fyrir að kjörtímabili hans sé ekki lokið, og að aðalfundi verði flýtt. Þessi tillaga var samþykkt.

Tvær áskoranir til stjórnar komu fram á fundinum, að VR sé óheimilt að skipa starfsmenn eða stjórnarmenn í VR í stjórnir fyrirtækja og að VR skipi nefnd til að móta siðareglur.



Pistill Práinn Bertelsson

## 19. aldar lýðræði á 21. öld!

Stjórnmalaflokkar eru gömul og gamaldags fyrirbæri. Þeir hafa nú frá stofnun lýðveldis (og lengur) boðið Íslendingum upp á hugmyndafræðilegar pakkaferðir sem taka fjögur ár. Fyrir mína parta tel ég þetta vera úreltan ferðamáta og úrelta viðskiptahætti.

Kíkjum aðeins á þetta. Á fjögurra ára fresti bjóða stjórnmalaflokkar okkur upp á að slást í för með sér í pakkaferð þar sem þeir bjóðast til að hugsa fyrir öllum þörfum okkar næstu fjögur ár. Þessir aðilar sem kalla sig stjórnmalaflokka eru í rauninni ferðaskrifstofur inn í framtíðina. Þeir bjóða fram hugmyndafræðilega pakka og reyna að bregða upp myndum af framtíð sem gæti fallið þér í geð að sem flestu leyti.

Fyrir utan hversu fáránlegt og áhættusamt það er að fela einhverjum aðila forsjá sína næstu fjögur ár og afsala sér um leið rétti til breytinga þá ríkir fákeppni á hinum pólitíska ferðamarkaði, fyrir utan krosstengsl, sameiginleg hagsmunatengsl, ætta- og fjölskyldutengsl og önnur vensl milli þessara úrkynjuðu og innræktuðu stjórnmalaflokka.

Tilboðið hljóðar upp á allt eða ekkert: Þú ferðast með okkur og aðeins okkur næstu fjögur ár án tillits til hvernig þér líst á blikuna eftir að ferðin er hafin. Þú getur ekki skipt um skoðun fyrr en eftir fjögur ár og

þaðan af síður getur þú gert hlé á ferðalaginu. Á þessum tíma er farið með þig í þá átt sem ferðaskrifstofan hefur lofað - að svo miklu leyti sem hún hefur tök á að standa við auglýsinguna. Efnidirnar byggjast á því að ferðaskrifstofan-stjórnmalaflokkurinn nái stólum í svonefndri ríkisstjórn sem endanlega úthlutar ferðafrelsinu og þar með einhverjum réttindum til að standa við loforð sín þrátt fyrir að þurfa að stytta ferðina og gera hana ódýrari til að kaupa sér stóla í ríkisstjórn.

Á markaðstorgi atvinnunnar þekkest ekki fjögurra ára uppsagnarfrestur. Maður ræður ekki starfskraft í fjögur ár samfleytt. Maður ræður fólk til reynslu og síðan hafa starfsmenn nokkurra mánaða uppsagnarfrest.

Stjórnmalaflokkarnir hins vegar vilja helst gera þig að lífstíðaraskrifanda að pakkaferðalagi á vegum flokksins frá vöggu til grafar.

Í nútímanum eru stjórnmalaflokkar samtímans álíka úreltir og grútarlampar eða sauðskinnsskór. Ég vil fá að neyta lýðræðislegs réttar míns til að hafa skoðun á fleiri málum en skrudmælginni í stefnuskrám stjórnmalaflokka og oftast en á fjögurra ára fresti. Ég vil geta ráðið mannskap til starfa til að byggja upp þjóðfélagið okkar og valið úr stærra úrvali en því sem kemur úr þjálfunarbúðum ungliðahreyfinga stjórnmalaflokka. Ég vil ekki vera eingöngu neyddur til að velja milli sjálfstæðismanna, samfylkingarmanna og framsóknarmanna o.s.frv. Það sem skiptir mig máli er að geta valið milli HÆFRA manna.

Þetta fornaldarfyrirkomulag á lýðræðinu okkar er grafalvarlegt mál. Gífurlegur atgervisbrestur herjar á stjórnmalaflokkana. Það eru ekki margir þingmenn sem ég mundi treysta fyrir barni yfir læk. Og þar

fyrir utan er sú hugsun beinlínis ógnvekjandi að menn geri það að ævistarfi sínu að fara með "völd" sem þeir fá fólk til að framsala sér með loforðum sem þeir hafa takmarkaða getu til að standa við.

Sá tími er liðinn að atkvæðagreiðslur um mál séu stórkostlegt vandamál. Það þarf ekki lengur að ferja atkvæðakassa á hestum yfir jökulár.

Forneskjulegast af öllu í sambandi við stjórnmalaflokka eru hinir "hugmyndafræðilegu pakkar" sem þeir standa fyrir og sú hugmynd að vitlausasti félaginn í mínum flokki hljóti að hafa heilbrigðari skoðanir en skynsamasti félaginn í þínum flokki.

Ég er einstaklingur. Ég hugsa oftast en á fjögurra ára fresti. Og mig langar til að upplifa veröldina frjáls ferða minna - ekki í hugmyndafræðilegri pakkaferð undir stjórn valdasjúkra atvinnumanna. Frelsi og lýðræði eru lifandi orð og hugtök - ekki safngripir á fornminjagröfum stjórnmalaflokka. Tími krambúða er liðinn, kjörbúðir og stórmarkaðir með óendanlegu úrvali hafa tekið við.

Á 21. öld eigum við ekki að sætta okkur við 19. aldar lýðræði. Við höfum frelsi til að hugsa sjálf. Notum það!





# Stjórnendakönnun 2008

Færri stjórnendur telja eftirsóknarvert að vera við stjórnvölinn nú en fyrir tveimur árum, samkvæmt stjórnendakönnun VR eða 76% á móti 92%. Það vekur athygli í könnuninni að 28% svarenda sögðust oft hafa tekið starfið fram yfir einkalífð á síðustu sex mánuðum og svipað hlutfall viðurkennir því að hafa fært persónulegar fórnir fyrir framann.

Þetta er í annað sinn sem VR gerir slíka könnun meðal stjórnenda 300 stærstu fyrirtækja landsins samkvæmt lista Frjálsrar verslunar, stjórnenda ríkisstofnana og sveitarfélaga. Markmið könnunarinnar er að leita upplýsinga um stöðu og líðan stjórnenda, hversu eftirsóknarvert það er að vera stjórnandi og hvernig þeim tekst að samræma starf og einkalíf. Könnunin var gerð í október og var úrtakið 3.000 manns. Svörin var 53% eða 1.539. Capacent Gallup sá um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna.

Á næstu síðum má sjá helstu niðurstöður könnunarinnar en einnig má skoða þær á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), undir liðnum Kannanir VR. Stjórnendakönnun VR er hluti af vinnumarkaðskönnunum félagsins en aðrar kannanir eru Fyrirtæki ársins og Launakönnun.



## Stjórnendakönnun 2008

# Sjálfstæðið er best og álagið verst

Það er enn eftirsóknarvert að vera stjórnandi, en ekki eins mikið og fyrir tveimur árum

Stjórnendum líkar það sjálfstæði sem þeir hafa í starfi en 40% svarenda völdu þann kost þegar spurt var hvað þeim líki best við að vera stjórnandi. Í öðru sæti var möguleikinn á að koma hlutum í framkvæmd (28%) og verkefni sem starfið felur í sér lenti í þriðja sætinu, 19% svarenda sögðu þann þátt það besta við starfið. Árið 2006 settu stjórnendur verkefni sjálf í fyrsta sæti (57%) en sjálfstæðið í annað sæti (29%). Marktækur munur var á svörum stjórnenda í einkafyrirtækjum, opinberum stofnunum og félagasamtökum, 50% stjórnenda í félagasamtökum segja sjálfstæðið það besta við starfið, 42% stjórnenda einkafyrirtækja og 33% stjórnenda opinberra stofnana.

Það kemur ekki á óvart að nú, eins og fyrir tveimur árum, eru álag og streita það versta við stjórnunarstarfið, 54% stjórnenda í könnuninni í ár völdu þann kost við spurningunni hvað er verst við að vera stjórnandi – svipað hlutfall og árið 2006. Langir vinnudagar eru í öðru sæti og áhrifin á fjölskyldulífið í því þriðja. Fleiri konur en karlar setja álag og streitu í fyrsta sæti, 59% á móti 51%, og átti það einnig við árið 2006.

Þegar svörin eru greind eftir kyni og aldri kemur í ljós marktækur munur: 15% karla en 9% kvenna telja áhrifin á fjölskyldulífið það versta við stjórnunarstarfið. Þessi niðurstaða er svipuð og árið 2006 nema að hlutfallið var hærra hjá báðum kynjum, 20% hjá körlum og 12% hjá konum. Tæpur fjórðungur stjórnenda um og yfir fimmtugt segir langan vinnudag það versta við starfið en 7% velja áhrifin á fjölskyldulífið. Hjá yngri stjórnendum, 47 ára og yngri, snýst þetta við, 15-19% segja áhrifin á fjölskyldulífið það versta en 7% eða færri eldri stjórnenda eru sama sinnis.

### Ennþá eftirsóknarvert en ....

Þrír af hverjum fjórum stjórnendum, eða 76%, segja það eftirsóknarvert að vera stjórnandi. Það er mikil breyting frá árinu 2006 þegar 92% sögðu það eftirsóknarvert að vera í þessari stöðu. Könnun VR stóð yfir frá 25. september til 3. nóvember. Marktækur munur er á svörum þátttakenda fyrir og eftir 29. september 80% þeirra sem svöruðu 28. september og fyrr segja stjórnendastöðuna eftirsóknarverða samanborið við 76% þeirra sem svöruðu 29. september eða síðar.

Mikill munur er á afstöðu hærri stjórnenda og millistjórnenda, 82% þeirra fyrrnefndu segja það eftirsóknarvert að vera stjórnandi en 71% þeirra síðarnefndu. Þá er einnig munur eftir því hversu margir starfsmenn starfa undir stjórn þess sem svarar, eftir því sem þeir eru fleiri því eftirsóknarverðara telur viðkomandi stjórnandi það að vera í þessari stöðu.

# Viðráðanlegt álag


Álag er fylgifiskur starfs stjórnandans en það virðist þó viðráðanlegt, að mati stjórnendanna sjálfra, 58% þeirra segjast sáttir við það álag sem starfinu fylgi og er það svipað og fyrir tveimur árum. Ekki er munur milli kynjanna né á milli aldurshópa. Munurinn er hins vegar marktækur á milli hærri stjórnenda og millistjórnenda, 55% hærri stjórnenda eru sáttir við álagið en 61% millistjórnenda. Þá virðist álag viðráðanlegra hjá stjórnendum opinberra stofnana en stjórnendum í einkafyrirtækjum eða hjá félagasamtökum.

## Sveigjanleiki

Sveigjanleikinn og álagið virðast haldast hönd í hönd; því meiri sveigjanleika sem stjórnendur hafa í starfi, því viðráðanlegra er álagið.

	Sátt/ur við álagið	Hvorki sátt/ur né ósátt/ur	Ósátt/ur við álagið
Mjög mikill sveigjanleiki	80%	14%	6%
Frekar mikill sveigjanleiki í starfi	63%	26%	11%
Hvorki mikill né lítill sveigjanleiki	42%	38%	20%
Frekar lítill sveigjanleiki í starfi	41%	29%	30%
Mjög lítill sveigjanleiki í starfi	40%	28%	32%

Og það er einnig rökrétt samsvörun milli álags og þess hvernig stjórnendum gengur að skilja á milli vinnu og einkalífs, þeir sem telja álagið viðráðanlegt eiga betur með að skilja á milli vinnunnar og fjölskyldunnar og er sá munur töluverður eins og sjá má á línuritinu hér að neðan. Í línuritinu er ekki birt hlutfall þeirra sem eru hvorki sáttir né ósáttir.



## Nokkrar áhugaverðar niðurstöður

**66%** stjórnenda hafa mikinn sveigjanleika í starfi

Sveigjanleikinn er mun meiri hjá einkafyrirtækjum en opinberum stofnunum, **71%** stjórnenda einkafyrirtækja hafa mikinn sveigjanleika í starfi á móti **54%** stjórnenda opinberra stofnana

**45%** stjórnenda myndu í dag kjósa góða launahækkun hefðu þeir val en fyrir tveimur árum var meiri frítími efstur á blaði

Stjórnendur vonast til að setjast í helgan stein **64 ára** að meðaltali

**59%** svarenda í könnun VR voru karlmenn, meðalaldurinn var um **44 ár** og hafði rétt um helmingur lokið háskólanámi

**51%** þátttakenda sagði fyrirtæki sitt sinna góðgerðarmálum á markvissan hátt, flest fyrirtæki gera það með styrkjum eða fjárframlögum



## Stjórnendakönnun 2008

# Vinna, vinna og aftur vinna

Næstum því 90% stjórnenda vinna um helgar

Vinnuvika stjórnenda á Íslandi er að meðaltali 55,2 klukkustundir sem er mjög svipað og árið 2006. Tæplega þriðjungur, eða 32%, vinnur 60 stundir eða fleiri á viku og meira en einn af hverjum tíu vinnur 70 stundir eða fleiri. Hér er bæði átt við vinnu sem sinnt er á vinnustaðnum og í fjarvinnu. Í stjórnendakönnun VR eins og öðrum álíka könnunum félagsins er marktækur munur eftir kyni, vinnuvika karla er að meðaltali 57 stundir en kvenna 52 stundir. Fjarvinna stjórnenda er að meðaltali 7,6 stundir á viku.

Töluverður munur er á lengd vinnuvikunnar eftir því hversu margir starfa beint undir stjórnandanum og eftir stöðu hans. Stjórnandi sem hefur fleiri en 30 starfsmenn undir sinni stjórn vinnur að meðaltali 60 stundir á viku en sá sem hefur 6 starfsmenn eða færri vinnur að jafnaði sjö til átta klukkustundum skemur á viku. Vinnu-

vika hærrí stjórnenda er 58 stundir en millistjórnendur vinna að meðaltali 53 stundir. Vinnuvika stjórnenda er yfirleitt ekki hin hefðbundna fimm daga vinnuvika, 88% stjórnenda sinna vinnunni eitthvað um helgar, mismikið þó. Tæplega 40% stjórnenda vinna a.m.k. tvær helgar í mánuði og tíundi hver vinnur um hverja helgi.

Orlof stjórnenda er að meðaltali um 22 dagar á ári en fæstir geta skilið vinnuna eftir heima. Fjórir af hverjum tíu sögðust sinna vinnunni mikið þegar þeir væru í orlofi en 35% lítið. Í svörum stjórnenda er oft mikill munur eftir því hvort um er að ræða hærrí stjórnendur eða millistjórnendur. Hvað þetta atriði varðar er munurinn mjög mikill, 47% hærrí stjórnenda segjast sinna vinnunni mikið í orlofi en 34% millistjórnenda. Það er einnig munur algengara að karlar en konur taki vinnuna með sér í fríð að einhverju leyti.

## Stjórnendakönnun 2008

# Hvort er í forgangi, starfið eða einkalífið?

Það kostar persónulegar fórnir að vera stjórnandi

Niðurstöður könnunarinnar benda eindregið til þess að starfið hafi gríðarlega mikil áhrif á einkalíf stjórnenda. Nokkrar spurningar voru lagðar fyrir þátttakendurnar í ár sem snúa beint að þessum þætti og má lesa það úr svörum að starfið hafi oft forgang, jafnvel þannig að þeir hafi fært persónulegar fórnir fyrir starfsframann. Hér að neðan eru birtar niðurstöður þriggja spurninga.

### Hversu oft hefur þú tekið starfið fram yfir einkalífið á síðustu sex mánuðum?

Í þessari spurningu höfðu þátttakendur val um fjóra svarmöguleika: Oft, Stundum, Sjaldan og Aldrei.

	Allir	Karlar	Konur
Oft	28%	27%	29%
Stundum	44%	47%	39%
Sjaldan	23%	22%	26%
Aldrei	5%	4%	6%

Það vekur athygli að mikill munur er á svörum eftir því hvar viðkomandi starfar. Mun fleiri stjórnendur hjá félagasamtökum en hjá einkafyrirtækjum og opinberum stofnunum hafa oft tekið starfið fram yfir vinnuna eða 50% á móti tæplega 30%. Og munurinn er einnig mikill milli hærri stjórnenda og millistjórnenda, 35% hærri stjórnenda segist oft hafa tekið starfið fram yfir einkalífið á móti 21% millistjórnenda.

Þá er mikill munur eftir menntunarstigi þátttakenda, rétt tæplega þriðjungur þeirra sem hafa lokið masters-námi á háskólastigi eða meiri menntun segjast oft hafa tekið starfið fram yfir einkalífið á undanförunum mánuðum en um og innan við fjórðungur þeirra sem hafa stúdentspróf eða grunnskólapróf.

### Hversu oft hefur þú tekið einkalífið fram yfir starfið á síðustu sex mánuðum?

Í þessari spurningu höfðu þátttakendur val um fjóra svarmöguleika: Oft, Stundum, Sjaldan og Aldrei.

	Allir	Karlar	Konur
Oft	11%	11%	11%
Stundum	34%	37%	30%
Sjaldan	45%	45%	45%
Aldrei	10%	7%	14%

Mikill munur er á kynjunum þegar þessi spurning er skoðuð, 7% karla segjast aldrei hafa tekið einkalífið fram yfir starfið en 14% kvenna. Það er einnig mikill munur eftir menntun, eftir því sem menntunarstig svarenda eykst því fleiri stjórnendur taka einkalífið oft eða stundum fram yfir starfið. 36% þeirra sem hafa grunnskólapróf eða sambærilegt próf taka einkalífið oft eða stundum fram yfir starfið á móti því 47% þeirra sem hafa masters- eða doktorsgráðu. Lítil munur er á hærri stjórnendum og millistjórnendum hvað þetta varðar og kemur það kannski einnig á óvart.

### Hefur þú fært persónulegar fórnir fyrir starfsframa þinn? (T.d. frestað eða hætt við barneignir og/eða aðrar fjölskylduskuldbindingar)

Hér var eingöngu um að ræða tvo svarmöguleika, Já eða Nei. Það er áhugavert að 29% svarenda sögðu Já við þessari spurningu. Ekki var munur á kynjunum hér en marktækur munur þegar litið er til aldurs.

	Já	Nei
20-35 ára	35%	65%
36-40 ára	35%	65%
41-47 ára	29%	71%
48-54 ára	20%	80%
55 og eldri	26%	74%

Þá segjast mun fleiri hærri stjórnendur hafa fært persónulegar fórnir fyrir sinn starfsframa en milli-stjórnendur (34% á móti 25%) sem kemur ekki á óvart. Menntun hefur sitt að segja, 36% svarenda með mastersgráðu eða hærri menntun segjast hafa fært persónulegar fórnir á móti 18% iðnmenntaðra svarenda.



Jólafondur

# Látið hugmyndaflugið ráða

Ekki þarf endilega að kosta miklu til að gera fallega jólaskreytingu á borðið eða kommóðuna. Við leituðum til nokkurra kvenna sem eru liprar í fingrunum og fengum þær til að gera skreytingar eftir eigin höfði. Þær notuðu t.d. eplaskífupönnu, kökumót, smakökudósir og sykurhúðaða ávexti og árangurinn má sjá hér á þessum jóla myndum.





## Félagsmál

# Hver hefur launaþróun VR félaga verið?

Undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á að þeir sem lægstu launin hafa fái meiri kjarabætur en aðrir hópar í þjóðfélaginu, um þetta hefur verið samið í kjarasamningum og almenn sátt ríkt í þjóðfélaginu um að hækka beri lágmarkslaunin.

Breytingar á launum félagsmanna VR má skoða á tvo mismunandi vegu, annars vegar með því að skoða niðurstöður launakannanna og hins vegar með því að skoða þróun félagsgjalda. Í báðum tilfellum er auðvelt að bera niðurstöðurnar saman við launavísitölu Hagstofunnar sem mælir mánaðarlegar breytingar á launum og er byggð á upplýsingum um launagreiðslur fyrirtækja, ríkis og sveitarfélaga. Niðurstöðurnar benda til þess að markaðslaun hafi skilað betri árangri en sem svarar almennri launaþróun á vinnumarkaði.

### Launakannanir í tíu ár

VR hefur staðið fyrir árlegum launakönnunum meðal félagsmanna í um áratug þar sem leitað er til félagsmannanna sjálfra um upplýsingar um laun þeirra. Í niðurstöðunum eru birtar launaupplýsingar eftir starfsheimum og atvinnugreinum, menntun, starfsaldri og lífaldri. Þá er staða kynjanna skoðuð sérstaklega og fjallað er um launamun karla og kvenna frá öllum sjónarhornum. Öllum félagsmönnum VR stendur til boða að taka þátt í þessum könnunum og hefur þátttaka verið um 50% undanfarin ár.

Frá árinu 2004 hafa niðurstöðurnar verið bornar saman við þróun launavísitölu Hagstofu Íslands og hefur sá samanburður verið birtur í umfjöllun um könnunina. Nær undantekningalaust hafa laun félagsmanna hækkað meira á milli ára en launavísitala Hagstofunnar, undantekningin er á milli árunna 2005 og 2006 en þá munaði innan við hálfu prósentustigi. Sem dæmi má nefna að á milli árunna 2007 og 2008 hækkuðu heildarlaun VR félaga, samkvæmt launakönnuninni, um 9,9% en á sama sama tímabili hækkuðu laun almennt á vinnumarkaði um 6,3% samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar.

### Launaþróun eftir félagsgjöldum

Í öðru lagi má skoða þróun launa eftir greiðslu félagsgjalda en félagsgjaldið er 0,7% af launum. Þær niðurstöður byggja á heildarlaunum félagsmanna og er þá ekki tekið tillit til starfs, starfshlutfalls eða annarra þátta sem hafa áhrif á launin. Með þessu fæst launavísitala VR sem mælir breytingar á meðalmánaðarlaunum þeirra félagsmanna VR sem hafa mánaðarleg laun sem eru hærri en lágmarkstaxti



samkvæmt kjarasamningi VR og SA og lægri en fjórföld meðallaun allra félagsmanna sem greiða félagsgjald í viðkomandi mánuði. Þessi hópur er nálægt 70% þeirra sem greiða félagsgjald til VR í þeim mánuði.

Á línuriti 1 hér á síðunni má sjá þróun launavísitölu VR, launavísitölu Hagstofunnar auk vísitölu neysluverðs á milli 1998 og 2008. Það sýnir að launavísitala VR hækkaði um rúm 150% frá janúar 1998 til ágúst 2008, launavísitala Hagstofunnar hækkaði um rúm 108% og vísitala neysluverðs um rúm 71%.


### Kaupmáttaraukning VR meiri en almennt á vinnumarkaði

Ef við skoðum kaupmátt launa, þ.e. hversu mikið laun hafa í raun hækkað að teknu tilliti til verðbólgu, má sjá að kaupmáttur samkvæmt launavísitölu VR jókst um 46% á tímabilinu frá 1998 til 2008 en kaupmáttur samkvæmt launavísitölu Hagstofu jókst um tæp 22%. Ef lágmarkslaunin eru skoðuð sérstaklega, eins og sjá má í línuriti nr. 2, kemur í ljós að kaupmáttur lægstu launa hækkaði um 37% á sama tímabili, minna en almennt meðal félagsmanna VR en mun meira en sem nemur hækkun launavísitölu Hagstofunnar.

Undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á að þeir sem lægstu launin hafa fái meiri kjarabætur en aðrir hópar í þjóðfélaginu, um þetta hefur verið samið í kjarasamningum og almenn sátt ríkt í þjóðfélaginu um að hækka beri lágmarkslaunin. Miklar sveiflur hafa einkennt kaupmátt lægstu launa síðustu áratugi, eins og sjá má á línuriti 2, og í fyrri niðursveiflum í efnahagslífinu lækkaði hann hratt og mikið. Kaupmáttur lægstu launa hækkaði um 105% frá árinu 1955 til ársins 2008.

### Áhersla á að verja kaupmáttinn

Í kjarasamningum árið 2000 var samið um markaðslaun og hafa félagsmenn VR því starfað samkvæmt því launakerfi í átta ár. Markaðslaunakerfið virðist hafa skilað betri árangri en önnur launakerfi á þessu tímabili, eins og umfjöllunin hér að ofan sýnir. Framundan eru hins vegar erfiðir tímar og spár um þróun kaupmáttar launa næstu misseri eru bæði margar og misvísandi. Verkefni verkalyðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og stjórnvalda hlýtur að vera að vernda kaupmátt lágmarkslauna. VR mun áfram fylgjast grannt með launabróun félagsmanna bæði með því að skoða þróun félagsgjalda og gera kannanir um laun og starfskjör VR félaga.



Línuriti nr. 1

Launavísitala VR hækkaði um rúm 150% frá janúar 1998 til ágúst 2008, launavísitala Hagstofunnar hækkaði um rúm 108% og vísitala neysluverðs um rúm 71%.



Línuriti nr. 2

Kaupmáttur lægstu launa, miðað við tólf mánaða meðaltal á hverju ári, hækkaði um 105% frá árinu 1955 til ársins 2008.



## Matur

# Dönsk jól

Sumir hlakka aðalega til jólanna vegna jólasteikarinnar. Til er ómissandi réttur sem sjaldan skortir á danskt jólaborð, ribbensteg, sem er svínasiða með puru. Dönum er hagsýni blóð borin og er þetta réttur sem hæglega má laga fyrir 5 á undir 3000 krónum. Carl J. Johansen matreiðslumeistari gefur lesendum uppskrift af þessum klassíska danskættaða jólarétti.

## Svínasiða með puru – Ribbensteg på dansk

Svona gerum við er við steikjum ribbensteg...

(Fyrir 5)

### Steikin

1,5 kg svínasiða  
1-1½ msk gróft salt  
2-3 lárviðarlauf  
1 epli  
8 sveskjur

### Rauðkál

1 kg rauðkál  
25 g smjör  
1 dl edik  
2dl rífsberjasaft  
2 msk sykurl

### Sósa

5 dl soð af steikinni  
3 msk sósu þykkni  
Rauðvín og sósulitur (má sleppa)  
Salt og pipar

### Brúnaðar kartöflur

800 gr forsoðnar kartöflur  
7 msk sykurl  
2 msk smjör  
1 msk rjómi

### Steikin

**1.** Skerið í fituna ofan á rifasteikinni alveg niður í kjöt með 1½ cm milibili, þó án þess að rista í kjötið sjálf. Finnið til ofnfast fat sem er ekki mikið stærra en steikin. Steikin er sett ókrydduð og öfug á fatið (með fituna niður) með u.þ.b. 2cm af vatni. Fatið er sett í 180 gráðu heitan ofn í 15 mín. Þetta er gert til að fitan nái að drekka í sig vökva svo að puran verði stökk við lokasteikingu.

**2.** Þá er steikin tekin úr ofninum og sett á bretti, henni er snúið við og grófu salti núið á puruna og í skurðina. Síðan er gott að setja gróft skorinn lauk, epli og sveskjur í ofnfatið. Steikin er svo lögð á og hálfum líter af vatni hellt í fatið. Svörtum pipar er stráð yfir og fatið sett í ofnin. Steikingartími er um 1 klukkustund á kílóið eða þegar kjarnhiti hefur náð 70 gráðum.

**3.** Steikin er tekin úr ofninum og hitinn er færður upp í 230 gráður. Soðið er sigtað í pott og síðan er steikin sett aftur inn í heitan ofninn og látin vera þar til að puran verður stökk og byrjar að "poppa". Ekki er mælt til að kjarnhitinn fari yfir 85gráður.

### Sósan

Á meðan puran er að verða stökk er sósan undirbúin með því að setja í pottinn um þrjár matskeiðar þykkni og svo er hún pipruð og söltuð eftir smekk. Einnig er gott að setja smá rauðvín og matarlit til að hafa hana ekta danska.

### Rauðkál

Saxið kálið og steikið það í potti með smjöri. Bætið síðan við edikinu þegar kálið hefur linast og hækkið í hæðsta hita í 3-5 mín. Rífsberjasaftin er sett í pottinn, hitinn lækkaður og þetta látið malla undir loki í u.þ.b. 1 klst. Rauðkálið er bragðað og saltað og sykrað eftir smekk.

### Sykurbrúnaðar kartöflur

Bræðið sykurl á pönnu þar til að hann er orðinn ljósbrúnn. Bætið svo smjör á pönnuna og hrærið því saman við sykurlinn og setjið svo kartöflurnar úti. Þið gætuð þurft að lækka hitann svo að sykurlinn brúnist ekki um of. Ef hitinn er of lágur þá kólnar sykurlinn of mikið og sest illa á kartöflurnar.

Einnig er gott að hafa með grænar baunir og súrar agúrkur.



## Fræðsla

# Allt að 75% styrkur vegna náms atvinnulausra

## Styrkir vegna starfsmenntunar og tómsunda

Félagsmenn VR geta sótt um starfsmenntastyrki til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SA) eða Starfsmenntasjóðs verslunarinnar (FÍS). Styrkirnir nema allt að helmingi námskeiðsgjalda. Styrkur til félagsmanns getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en stigaeign hans kveður á um og reglan er sú að eitt stig sem nú er að jafnvirði kr. 1.000 er gefið fyrir hvern mánuð sem greitt er iðgjald í sjóðinn, miðað við mánaðarlaun á bilinu kr. 75.000-180.000 kr. Sjóðurinn er tekjutengdur.

Undantekning frá meginreglu sjóðsins er að veittur er allt að 75% styrkur vegna náms sem kennt er skv. námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og metið er til styttingar á námi í framhaldsskóla og íslenskunáms fyrir þá félagsmenn sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli. Bráðabirgðaákvæði var samþykkt nýlega á fundum stjórnar sjóðanna vegna sérstakra aðstæðna í atvinnumálum þjóðarinnar þess efnis að leyflegt sé að hækka styrki í 75% af námsgjaldi fyrir þá sem eru á atvinnuleysisbótum. Þetta gildir fyrir árið 2009.

### Skilyrði fyrir styrk

Umsækjandi um styrk þarf að hafa greitt til félagsins

a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum. Skila þarf inn staðfestingu frá skóla á greiðslu eða greiðsluseðli ásamt greiðslukvittun á nafni félagsmanns og fylla út umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins eða á skrifstofunni. Gögn og umsóknir um styrki þurfa að berast innan 12 mánaða frá útgáfu reiknings. Styrkir eru greiddir út vikulega og umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi á miðvikudegi til þess að ná greiðslu á föstudegi.

### Veittir styrkir

Fyrir utan starfsmenntastyrki eru einnig veittir tómsundastyrkir og ferðastyrkir vegna námsferða. Athugið, hjá Starfsmenntasjóði verslunarinnar, FÍS, er ekki þak á tómsundastyrkjum eins og hjá Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks, SA, en þar er hámark kr. 30 þúsund í tómsundastyrk á ári.

Nánari upplýsingar eru hjá þjónustuveri VR í síma 510 1700. Hægt er að nálgast samþykktir og starfsreglur Starfsmenntasjóðanna sem og umsóknareyðublað um styrk á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is) eða á [www.starfsmennt.is](http://www.starfsmennt.is). Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið [styrkir@vr.is](mailto:styrkir@vr.is)

# Tækifæri fyrir atvinnulausa

Að missa vinnuna er ávallt áfall fyrir þann sem í því lendir. VR hvetur fólk sem misst hefur vinnuna til að halda sig við daglegar venjur og fara á fætur á morgnana, gæta að svefni, endurmennta sig, stunda hreyfingu, sinna félagsstörfum og einhenda sér í að leita að nýju starfi, taka tímabundin störf og jafnvel störf á öðrum sviðum en menntun og áhugi stefnir til.

Í ljósi sérstakra aðstæðna í atvinnumálum þjóðarinnar samþykktu stjórnir fræðslusjóðanna bráðabirgðaákvæði þess efnis að leyfilegt sé að hækka styrki í 75% af námsgjaldi fyrir þá sem eru á atvinnuleysisbótum. Einnig býður félagið upp á mánaðarkort í líkamsrækt á aðeins 2000 krónur. Hér á eftir er bent á nokkur sérsniðin námskeið fyrir atvinnulausa og nánari upplýsingar um líkamsræktina.

## Tilboð í líkamsrækt

Aðeins 2000 kr. á mánuði

VR hefur miklar áhyggjur af félagsmönnum sínum sem nú eru að missa vinnu. Við aðstæður sem þessar er nauðsynlegt að hreyfa sig reglulega því það er mjög mikilvægt til að halda bæði andlegri og líkamlegri heilsu.

VR og nokkrar líkamsræktarstöðvar hafa því tekið höndum saman til að koma til móts við þá félag VR sem standa í þessum erfiðu sporum. Þeim sem misst hafa vinnu býðst nú mánaðarkort í líkamsrækt fyrir aðeins 2000 á mánuði frá áramótum. Tilboð þetta gildir í World Class, Sporthúsið og Hreyfingu á tímanum frá kl. 08-11 og 14-16 á daginn.

Gjaldið greiðist á skrifstofu VR fyrir einn mánuð í senn. Hægt er einnig að nýta inneign í varasjóði til greiðslu. Skila þarf inn umsóknareyðublaði á skrifstofu VR, sem hægt er að nálgast á [www.vr.is](http://www.vr.is), auk staðfestingar á atvinnuleysi. Félagsmenn VR utan höfuðborgarsvæðisins snúi sér til skrifstofu VR á viðkomandi svæði.

Allar nánari upplýsingar og skilmála má finna á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is)

## Tækifæri [ frítt ]

Úrræði fyrir félagsmenn VR á erfiðum tímum

VR og Opni háskólinn í HR bjóða félagsmönnum VR aðgang að TÆKIFÆRI, sem er samstarfsverkefni stéttarfélaga, aðila vinnumarkaðs, opinberra aðila og háskóla. TÆKIFÆRI er sniðið að fólki sem nú er að takast á við breytta stöðu á vinnumarkaði og aðstoða það við að finna úrræði og viðspyrnu í leit að atvinnu, námsleiðum eða nýsköpunartækifærum. Markmið TÆKIFÆRIS er að byggja upp einstaklinga þannig að þeir geti

20 VRblaðið

tekist á við uppbyggingu Íslands að nýju.

Boðið verður upp á fjölmörg námskeið og fyrirlestra sem öll eru sérhönnuð fyrir TÆKIFÆRIÐ. Flokkar námskeiða og fyrirlestra eru:

**Viðbrögð við áfalli og uppbygging**

**Fjármál** - breyttar aðstæður

**Leit að tækifærum** – atvinna – nám – ný tækifæri

**Horft til framtíðar**

TÆKIFÆRI er hluti af Hugmyndahúsinu sem verður miðstöð fyrir þá sem vilja efla sig, skapa, móta og hrinda tækifærum sínum í framkvæmd. Hugmyndahúsið mun auk TÆKIFÆRIS hýsa ýmsa aðra starfsemi sem stendur öllum til boða og áhersla verður lögð á lífandi og aðlaðandi umhverfi.

Allar nánari upplýsingar um TÆKIFÆRI og skráningu á viðburði má finna á heimasíðu VR ([www.vr.is](http://www.vr.is)). **Þátttaka er félagsmönnum að kostnaðarlausu.**

## Mímir – símenntun

Ýmis námskeið

### Breyttir tímar ... Hvar stend ég?

Þátttakendur fá leiðsögn við gerð færnimöppu og aðstoð við að útbúa eða uppfæra eigin ferilsskrá. Farið er í hagnýt ráð varðandi atvinnuleit og atvinnuviðtal. Námskeiðið er sex stundir en auk þess er viðtal við náms- og starfsráðgjafa. Hluti af námskeiðinu er að gera ferilsskrá í tölvutæku formi.

Þátttakendum er gefinn kostur á einstaklingsviðtali við náms- og starfsráðgjafa, í því felst tækifæri til að ræða eigin stöðu og möguleika og einnig að skipuleggja næstu skref við nám eða starfsleit.

### Hagnýt ráð við atvinnuleit og einstaklingsviðtal

Þátttakendur fá aðstoð við að útbúa eða uppfæra eigin ferilsskrá. Farið er yfir hagnýt ráð varðandi atvinnuleit og atvinnuviðtal. Námskeiðið er þrjár stundir en auk þess er viðtal við náms- og starfsráðgjafa.

Þátttakendum er gefinn kostur á einstaklingsviðtali við náms- og starfsráðgjafa, í því felst tækifæri til að ræða eigin stöðu og möguleika sem eru í boði og skipuleggja næstu skref hvort sem er við val á námi eða starfsleit.

### Í nám eftir hlé

Á námskeiðinu eru kynntar aðferðir og leiðir sem hjálpa einstaklingum að skoða og meta námsstíl sinn og finna hvaða aðferðir henta þeim best út frá styrkleikum, áhuga og færni. Einnig verður

fjallað um fjölbreytt námsframboð og ólíkar námsleiðir. Þátttakendur vinna ýmis konar sjálfkönnunaræfingar og verkefni.

Námskeiðið er 3 stundir en auk þess er einstaklingsviðtal við náms- og starfsráðgjafa þar sem þátttakendum gefst kostur á að ræða eigin stöðu og möguleika.

*Nánari upplýsingar á [mimir.is](http://mimir.is) og hjá Mími-símenntun í síma 580- 1800.*

## Prisma

Þverfaglegt nám á háskólastigi sem eflir skapandi og gagnrýna hugsun

Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst undirbúa nú í samvinnu við Reykjavíkur Akadémíuna, þverfaglegt nám sem ætluin er að bjóða upp á í febrúar og mars 2009. Meginþáttur í aðferðafræði kennslu og fyrirkomulags er skapandi og gagnrýnin hugsun en burðargreinar eru listfræði og heimspeki. Mörgum tengdum fögum er fléttað saman við meginþátt námsins s.s. ímyndafræði, menningarstjórnun, frumkvöðlafræði, hönnun og tíðaranda, myndmálssögu, tónlistarsögu og –miðlun, skapandi skrifum, aðferðafræði myndlistar og leikhúss, arkitektúr og skipulagi, miðlunarfræði, mannfærði, markaðsfræði og stjórnun. Að auki verður boðið upp á gestafyrirlestra einu sinni í viku þar sem sérfræðingar segja frá því sem er að gerast í stefnumótun, rannsóknun og nýsköpun í samfélaginu og utan landssteinanna.

### Markmið með náminu:

#### 1. Þverfagleg þekking

Nemendur styrki þverfaglega menntun sína sem gerir þeim kleift að setja ólíkar starfsgreinar, fræðigreinar, hugmyndir og hluti í samhengi og starfa á eigin forsendum á fleiri sviðum en áður.

#### 2. Fleiri verkfæri í verkfærátöskuna

Nemendur öðlist þau verkfæri, þekkingu, reynslu og stuðning sem geta nýst þeim til að efla stöðu sína sem uppbyggilegir, skapandi og gagnrýnir þátttakendur í samfélaginu og láta framsæknar hugmyndir verða að raunverulegum verkefnum.

#### 3. Menntun á háskólastigi

Að námi loknu fá nemendur diplóma sem metið er til 16 eininga (ECTS) á háskólastigi.

#### 4. Umbreyting

Lykilorðið í náminu er umbreyting. Nemendur fá tækifæri til að gaumgæfa þær umbreytingar sem eru að eiga sér stað í samfélaginu út frá fjölbreyttum sjónarhornum undir leiðsögn sérfræðinga. Í slíku umhverfi verða vandamál að tækifærum, hindranir að flóðgáttum og hugmyndafræðilegt hrun að upphafi á nýjum og spennandi tímum.

Námið er ætlað fólki sem hefur að lágmarki stúdentspróf eða sambærilega menntun. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um námið á heimasíðum Listaháskóla Íslands, [www.lhi.is](http://www.lhi.is) og Háskólans á Bifröst, [www.bifrost.is](http://www.bifrost.is).

## Endurmenntun HÍ

Endurmenntun Háskóla Íslands verður með nokkur uppbyggjandi námskeið á vormisseri sem eru gagnleg og styrkjandi á erfiðum tímum í þjóðfélaginu.

### Stefnumótun í eigin lífi

Námskeiðið „Stefnumótun í eigin lífi - snúðu vörn í sókn“ með Dr. Árelíu Eydísi Guðmundsdóttur, lektor við viðskiptadeild HÍ var haldið tvisvar á haustmisseri við gífurlega miklar vinsældir. Þetta er þriggja morgna námskeið sem verður haldið aftur í febrúar. Námskeiðið, sem ætti að henta sérstaklega vel núna, er fyrir þá sem vilja kanna möguleika stefnumótunar í eigin lífi, leggja mat á eigin veikleika og styrkleika, stíga út fyrir hefðbundna ramma og auka völd sín og áhrif. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur setji sér markmið um bættan árangur í lífi og starfi og kynni sér þau viðhorf og þá hegðun sem einkennir fólk sem nær árangri.

### Lífið, fjölskyldan, starfið – samspil hlutverka

Steinunn I. Stefánsdóttir, viðskiptasálfræðingur og sérfræðingur í streitufæðum verður í mars með námskeið hjá Endurmenntun sem kallast „Lífið, fjölskyldan, starfið – samspil hlutverka“.

Lífið er dýrmætt og það er mikilvægt að njóta þess. Það krefst vilja og skipulagshæfni að halda jafnvægi og njóta velgengni á helstu sviðum lífsins. Flest viljum við sinna starfi okkar vel, halda heimilinu sem notalegum griðastað, hlúa að fjölskyldunni og síðast en ekki síst rækta okkur sjálf. Á námskeiðinu er farið í jákvæðar leiðir til að njóta sín í öllum hlutverkum og vera sinn eigin stjórnandi í starfi og einkalífi. Þátttakendur skoða hvað skiptir þá mestu máli í starfi, á heimili og öðru einkalífi og setja sér markmið og temja sér viðhorf og hugarfar með tilliti til þess. Ávinningurinn er betra samspil hlutverka, meiri ánægja og minni streita þátttakenda.

### Lög og réttur fyrir 50+

Endurmenntun verður jafnframt með námskeið í apríl um lög og rétt fyrir þá sem eru 50 ára og eldri í umsjá lögfræðingsins Sigríðar Logadóttur. Leitast verður við að fjalla fyrst og fremst um hagnýt atriði. Í sífellt flóknara samfélagi er öllum nauðsynlegt að kunna nokkur skil á lögum og rétti. Þarfir fólks fyrir kunnáttu á réttarsviðinu er mismunandi eftir aldursskeiðum. Á þessu námskeiði er tekið mið af þörfum fólks sem hefur náð miðjum aldri en þá standa margir á tímamótum. Réttindi sem varða heilbrigðisþjónustu fara að skipta máli og húsnæði verður of stórt. Að hverju þarf að gæta varðandi fjármálin? Á að sitja í óskiptu búi eða skipta búi ef aðstæður breytast? Er þörf á að semja erfðaskrá eða endurnýja kaupmála? Er betra að stofna til óvígðrar sambúðar eða gifta sig? Leitast verður við að svara ofangreindum spurningum.

Frekari upplýsingar um öll námskeiðin sem og nánari dagsetningar má finna á heimasíðu Endurmenntunar: [endurmenntun.is](http://endurmenntun.is)

Aðrar nánari upplýsingar veitir:

Thelma Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Endurmenntunar  
[thelma@hi.is](mailto:thelma@hi.is) S: 525 4923 eða 86 86 056



„Þetta er eins og stjórnarfundur,” segir Hallgrímur Helgason. „Eða ljósmynd af ríkisstjórninni,” áréttar Gunnar Hersveinn. „Þá voru alltaf kvenráðherrarnir á endanum,” segir Kristín Helga. „Til að fótleggirnir sæjust,” bætir Hallgrímur við. „Nei, það var af því að þær voru í líflægri fötum,” segir Gerður Kristný, „rauðu dragtirnar fremst; sjáið þið ekki Sív Friðleifsdóttur fyrir ykkur?”

**Texti Pétur Blöndal**

# Jólin verða stór í hjarta fólks

Fjórir rithöfundar ræða um nýttútkomnar bækur sínar, jól og áramót, gildin í samfélaginu, drauga og leigumorðingja, og allt annað sem fólki dettur í hug á laugardagsmorgni yfir rjúkandi kaffibolla.

Einn af öðrum leggja rithöfundar leið sína í Mjóstræti 4 á heimili Önnu Bjargar Siggeirsdóttur, ritstjóra VR-blaðsins, og Kristins E. Hrafnssonar myndlistarmanns. Í Mjóstrætinu bíður morgunkaffi og spjall um jólamánuðinn, sem jafnan er viðburðaríkur í veröld bókaþjóðarinnar. Þegar blaðamaðmann ber að garði stendur Gunnar Hersveinn við gluggann í eldhúsinu, vekur máls á sögufræga húsinu Vinaminni handan götunnar og Gerður Kristný grípur boltann á lofti. „Það kemur einmitt við sögu í bókinni minni, Garðinum, vegna þess að þar fóru fram miðilsfundir í lok nítjándu aldar – þannig að ég leiði eina sögupersónuna þangað inn. Húsgögn lyftust víst frá gólfi og svifu á veggja á milli og framliðin börn struku fundargestum um vanga.”

## **Af Ennis-Móra**

Gerður Kristný kannast þó ekki við að hafa gægst á glugga til að fá baksvið sögunnar, en Kristín Helga

Gunnarsdóttir hefur verið þannig – „eins og glæpó”. Hún brosir. „Þá var ég að taka ljósmyndir við Rauðavatn fyrir bókina mína, lagði mikið á mig, tróð mér í gegnum runna og garða, og Pólverjarnir sem fylgdust með mér komnir á fremsta hlunn að hringja á lögregluna.” Hún þagnar.

„Þeir eiga merkilega ljósmynd á Ströndum, sem þeir tóku í Bjarnarfirði; myndaðir voru tveir sjómenn sem voru að draga bát upp í fjöru, en þegar filman var framkölluð kom í ljós þriðji maðurinn sem ýtti með þeim. Þetta telja þeir ættarfylgju og vita alveg hver það er. Eins eiga þeir mynd af Ennis-Móra, sem heldur til á Ennishálsi og fylgir einni ætt á Stöndum. Ég hef hitt fullt af ungu fólki sem segir eins og ekkert sé sjálfsgaðara: „Já, já, Ennis-Móri fylgir okkur.” Myndin var tekin á ættarmóti við varðeld í fjörunni og upp úr bálinu stígur einhverskonar vera, sem sögð er Ennis-Móri.” – Það þarf að hafa auga fyrir svona löguðu, skýtur

blaðamaður inn í.

„Ég finn aldrei fyrir neinu óhreinu,” segir Gerður Kristný hlæjandi. „Samt er ég ættuð úr Kollafirði á Ströndum.”

Og talið berst aftur að Vinaminni.

„Ég skrifaði um það opnugrein í Moggann, tók fyrir þetta hús og rakti sögu þess,” segir Gunnar Hersveinn.

„Þar var eitt fyrsta dagblaðið stofnað, Dagskrá sem gefið var út af Einari Benediktssyni. Ég tók viðtöl við íbúa hússins og skildist að það hefði verið þekkt á hippatímanum, þá var það í niðurniðslu og mikið partyhúsnæði. En svo var það gert upp.”

Nú blandar húsráðandi sér í samræðurnar.

„Þá keyptu þrír strákar húsið af borginni,” segir Anna Björg. „Svo náði ég í einn þeirra, flutti inn á hann og við búum enn saman. Þeir voru að dunda sér við að gera upp hæðirnar, einn fékk þá fyrstu, annar aðra og þriðji risið og kjallarann. Þeir drógu um hver fengi hvað. Svo fluttum við hingað yfir götuna. En það var Sigríður í Brekkubæ sem byggði Vinaminni á sínum tíma sem húsmæðraskóla fyrir alþýðustúlkur.”

„Hann var sem sagt ekki fyrir ríku skvísurnar?” segir Gerður Kristný.

„Þær fóru í Kvennaskólann,” bætir Kristín Helga við.

„Þarna voru haldnar myndlistarsýningar, Ásgrímur var með vinnustofu í húsinu og Esjumyndin hans er máluð sem útsýni út um glugga í risinu,” segir Gunnar Hersveinn.

„Það má taka sérvíðtal um þetta – rithöfundar hittast og rifja upp allt sem þeir vita um Vinaminni,” klykkir Gerður Kristný út með.

### Krakkaskott og dramakast

Hallgrímur Helgason bætist í hóp rithöfundanna, örlítið seinn, en fær þó kaffi og nær að hlýða á Kristínu Helgu segja frá sögupersónu bókar sinnar, Fíúsól.

„Fíúsól er flottust er fjórða bókin í ritröðinni um stelpuna Fíúsól,” segir Kristín Helga. „Þetta átti að vera trílógía, en hún virðist ætla að verða endalaus vegna fjölda áskorana og pantana. Svo er líka til Ferðabók Fíúsólar, sem er til dæmis með aftursætisleikjum í bíl fyrir börn.”

„Ekki fyrir fullorðna?” spyr Hallgrímur og skellið við tilhugsunina, „Aftursætisleikir fyrir fullorðna!” En Kristín Helga lætur það sem vind um eyru þjóta.

„Fíúsól er krakkaskott sem býr í úthverfi, hún er á aldrinum 7 til 9 ára í bókunum, og þetta eru raunveruleikasögur um hana. Ég held að sú sterka tenging sem íslenskir krakkar hafa myndað við þessa stelpu sé tilkomin af því að hún glímur bara við hversdaginn – fæst við það sem gerist á öðru hverju heimili. Hún fær dramakast út af fötunum sínum, reynir að koma sér á hljómsveitaræfingu og fæst við allt þetta litla, sem verður svo stórt þegar maður er lítill.”

– Hvernig varð hún til sem persóna?

„Ég tindi hana bara upp af stofugólfinu heima hjá mér,” svarar Kristín Helga.

„Eins og þegar Nína Björk var að yrkja um Ara Gísla?” spyr Gerður Kristný.

Kristín Helga hristir höfuðið.

„En nafnið er sett saman úr nafni dóttur minnar, Soffíu Sóleyjar. Svo á ég eina stelpu sem er kölluð Pippa og það er nafn í bókinni. Ég er svo lánsöm að búa við litla götu, troðfullri af börnum sem renna inn og út úr eldhúsinu og eru endalaus uppspretta af hugmyndum. Ég sest og skrifa og stel frá þeim alla daga. Svo rifja ég upp úr eigin æsku og sýð saman marga karaktera – mér finnst að rithöfundar eigi að vera bæði njósnarar og þjófar.”

### Stóll og stöðumælar

Gerður Kristný sækir hugmyndina að nýrri skáldsögu sinni Garðinum rúma tvo áratugi aftur í tímann. „Þá vann ég í antikbúð og heyrði af því að fólk skilaði húsgögnum og flíkum undir því yfirskini að það væri eitthvað vont í þeim. Þetta fannst mér merkilegt og í fyrra byrjaði ég að skrifa bók, þar sem stóll kemur inn á heimili saklausrar fjölskyldu og það er einmitt eitthvað vont við hann. Ég þurfti þennan tíma frá 1987 til að vinna úr upplýsingunum,” segir hún.

„Stelpan Eyja lítur út um gluggann á íbúðinni sem fjölskyldan er nýflutt í og sér kirkjugarð, finnst það ógnvænlegt, og svo kemur dularfullur stóll inn á heimilið. Pabbi hennar veikist og Eyju grunar að það sé stólnum að kenna. Síðan lauma ég inn í söguna draugalegum stöðum, Fógetatorginu þar sem þrjár fyrstu kynslóðir Reykvíkinga eru grafnar, Vinaminni og Túngötu 5, þar sem haldnir voru mergjaðir og ægilegir miðilsfundir. Kannski varð eitthvað eftir í húsunum?” – Hvar býr fjölskyldan?

„Hún býr við Ljósavallagötu, sem liggur við Hólavallagarðinn. Og ég verð bara að segja frá því að það er nýbúið að selja skáldsöguna til Þýskalands, tvö forlög bitust um bókina og ég gat valið – evrur maður!” segir hún og hlær. „Enda tímdi ég að borga í stöðumæli áðan!”

„Er stöðumælatími?” spyr Hallgrímur óðamála og leitar í vösum.

„Er ekki búið að reka alla stöðumælaverðina?” spyr Kristín Helga.

„Nei, þeir eru mjög grimmir,” svarar Hallgrímur.

„Þetta er bara 1.200 kall,” kallar Gerður Kristný á eftir Hallgrími, sem svarar á leið út um dyrnar:

„Ég á engar evrur eins og þú!”

### Orðspor og gildi

„Mín bók er um ...” segir Gunnar Hersveinn og hikar.

– Orðspor?

„Er eitthvað eftir af því hjá þjóðinni?” spyr Kristín Helga.

„Já, ég skrifa út frá hugmyndinni að til að vera fullgerð persóna þurfi að stíga út í samfélagið og hafa áhrif á það – stíga út úr innsta hring,” segir Gunnar Hersveinn.

„Umjörð þessarar bókar er orðspor, þjóða, félaga eða hópa, á meðan Gæfuspör, sem kom út árið 2005, fjallaði um einstaklinga, gildi þeirra, dyggðir og tilfinningar, út frá þeirri sókratísku hugmynd, að maður þurfi að vera sem bestur sjálfur, áður en maður fer að breyta

### Stefnuskrá Íslands 2009

„Við viljum finna jafnvægi: milli nægjustemi og framsækni, taumleysis og sjálfsaga, milli þakklætis og skeytingarleysis, umönnunar og samkeppni, milli hraða samfélags og þolinmæði, náttúrufergurðar og virkjana, milli jafnréttis og viðskiptalífs. Og umfram allt viljum við finna jafnvægi milli sjálfsmyndar og raunmyndar, hroka og minnimáttarkenndar og valds og drauma.”

*Gunnar Hersveinn*



samfélaginu.

Þessi bók er unnin á svipaðan hátt og Gæfuspor. Mér fannst ég því þurfa nafn sem rímaði við það og datt í hug að Orðspor gæti verið ágætt; það rímaði við gildin í samfélaginu, en ég var samt ekkert viss. Þegar bókin kom út var hinsvegar talað um það í hverjum fréttatíma að það þyrfti að endurskoða gildin í samfélaginu; það stendur raunar í bókinni að orðspor þjóða geti verið margra milljarða virði og það kom á daginn í októberbyrjun. Svo skipti ég bókinni í málaflokka, jafnréttismál, fjölmiðla, trúmál, uppeldismál og ýmis samfélagsmál. Markmiðið er að leggja fram umræðuefni til að bæta samfélagið."

– Og þetta á erindi við fólk í niðursveiflunni?

„Já, ég fjalla um samfélagið eins og það var og tefli fram hugmyndum um hvað megi efla í staðinn, þannig að þetta er akkúrat rétti tímunkturinn fyrir bókina. Ef hún hefði komið út í fyrra hefði það verið aðeins of fljótt og á næsta ári of seint. Hún ætti að passa vel inn í umræðuna, allavega hjá þeim sem hafa áhuga á breytingum. Um daginn var mér til dæmis bent á setningu í bókinni, sem ég var búinn að gleyma: „Innrás nægjuseminnar í útrás græðginnar er hafin.“

– Hvenær var bókin skrifuð?

„Ég kláraði hana um páskana.“

„Ótrúlegt, geturðu þá sagt mér hvað á eftir að gerast núna – spáð í kaffibolla á eftir?“ spyr Gerður Kristný. Hallgrímur endasendist aftur inn um dyrnar.

„Ég missti af þinni bók Gunnar – ertu til í að endurtaka þetta?“

### **Omega og leigumorðingja**

Hallgrímur sendi frá sér bók með sjálfshjálpartitlinum 10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska

upp. „Þetta er hálfgerð sjálfshjálparbók fyrir króatiskan leigumorðingja frá New York, sem á farsælan feril og er með bestu mönnum í sínum bransa,“ segir hann og dreypir á kaffinu.

„Hann á Manhattan-metið í skotnýtingu, náði átján morðum með átján kúlum í röð, þannig að hver kúla gat af sér jarðarför með blómum og öllu. En þegar kemur að morði númer 66 þá drepur hann rangan mann og verður að flýja land. Hann er kominn á Kennedy-flugvöll á leið til Króatíu, en sér FBI í hliðinu, snýr við inni á klósett og veit ekkert hvað hann á af sér að gera. Þá sér hann mann koma út af einum klósettbasnum sem er svipaður honum í útliti, drepur hann og tekur passann og farniðann. Það reynist vera sjónvarpspresturinn David Friendly, sem var á leið til Íslands að messa á Omega. Ég kalla hana reyndar Amen í bókinni. Síðan mætir hann í Leifstöð, leigumorðingi með prestakraga um hálsinn, tekið er á móti honum með virktum og hann er farinn að messa í beinni um kvöldið. Besta leiðin til að láta lítið fyrir sér fara er að verða annar maður og í bókinni er spurt, eins og Freyr Eyjólfsson orðaði það: „Getur vondur maður orðið góður?“ Fyrsta ráðið af tíu fyrir ofbeldismann er að fara til Íslands, þar sem er enginn her, engin morð og ekki einu sinni byssubúð. Þetta breytir honum og hjálpar honum að endurmeta líf sitt, en hann hafði verið hermaður í stríðinu á Balkanskaga og átt erfiða daga.“

– Hvernig kviknaði hugmyndin?

„Ég var á leið til Osló að lesa upp og sat við hliðina á íslenskri konu í flugvélinni, presti sem var á leið á norræna prestaráðstefnu. Svo fór hún á klósettið rétt fyrir lendingu...“

„Þannig að þér datt í hug að drepa hana?“ spyr Kristín Helga spennt.

„Ég fjalla um samfélagið eins og það var og tefli fram hugmyndum um hvað megi efla í staðinn, þannig að þetta er akkúrat rétti tímunkturinn fyrir bókina. Ef hún hefði komið út í fyrra hefði það verið aðeins of fljótt og á næsta ári of seint.“





„Nei, en hún skildi eftir ráðstefnugögnin með tilheyrandi nafnspjaldi til að hengja um hálsinn og mér datt í hug að ef ég tæki þetta, þá gæti ég verið hún í viku – bara farið á þessa norrænu prestaráðstefnu. Þannig kviknaði hugmyndin að því að ganga inn í líf annarar manneskju. Síðan beið ég í tvö til þrjú ár þar til ég fann aðra hugmynd inn í þennan ramma. Ég þurfti að kynna mér ýmislegt og fór m.a. á hálf tímalangt byssunámskeið í Veidimanninum í Ármúla, kynnti mér hlaupvídd og týpur. Þá var ég búinn með bókina en fann að byssufræðin voru ekki nógu sannfærandi.“

### Meiri jól en áður

Jólin verða ekki ólík þeim sem þjóðin á að venjast.

„Ætli fólk haldi sig ekki í horfinu þessi jól!“ segir Gunnar Hersveinn. „Ég býst frekar við að ástandið versni eftir áramót.“

„Kannski þarnæstu jól verði öðruvísi fyrir fólk sem hefur þá jafnvel verið lengi atvinnulaust,“ segir Gerður Kristný. „Ég held að nú verði meiri jól en oftast áður,“ segir Hallgrímur.

„Kannski sumir líti á þau sem „síðustu“ jólin?“ spyr Gerður Kristný.

„Fólk upplifir þakklæti, allt hefur hækkað í verði og skyndilega er lambalæri orðið lúxusvara. Hingað til hefur mér fundist það að kaupa lambalæri vera eins og að kaupa hrásalat, en allt í einu vílaði ég það fyrir mér í Bónus í gær. Svo fór ég að lesa upp í dæmigerðu útrásarfyrirtæki og þar var hrátt hangikjöt í morgunmat. Gömlu gildin eru að koma aftur, maður skynjar að fólk er þakklátara fyrir það sem það hefur og kann betur að meta jólabækur. Jólin verða stór í hjarta fólks.“

„Það er líka athyglisvert að fylgjast með samfélagsþróuninni,“ segir Kristín Helga. „Nánast á einni



nóttu breyttum við um gildi, fórum að lesa meira, hlusta meira á tónlist og fara víðar – nú mæta til dæmis fleiri á upplestra.“

„Og það eru fleiri upplestrar,“ segir Gerður Kristný.

„Almenningur hafði engan áhuga á þessu samfélagi sem var,“ segir Gunnar Hersveinn. „Það kom fram í könnun Capacent að efnishyggjugildin voru ríkjandi, en þegar fólk var spurt hvaða gildi það vildi rækta, þá voru allt önnur nefnd, eins og fjölskylda og vinátta. Nú hefur skapast tækifæri til að rækta þau gildi frekar. Áður var jafnvel talað um græðgi sem dyggð, maður þyrfti að vera gráðugur til að vera í framþróun og ná árangri, og um nægjusemi sem frekar leiðinlegt fyrirbæri – að velja sér markmið í lífinu og ná árangri þar. En ég held það verði ekki bara gömlu gildin sem verði endurvakin, heldur finnum við einhver ný.“

„Við þurfum bara að gæta okkar á því að fara ekki í aðra algjöra andstæðu,“ segir Hallgrímur. „Við höfum verið fangar fortíðarinnar, á þann hátt að við erum alltaf að finna eitthvað nýtt til að leysa hana af hólmi. Einu sinni var haftastefna á Íslandi og þá vildu allir fá frelsi. Ég ólst upp við þessa þrá. Þannig kviknaði hlutabréfamarkaðurinn. Nú vilja allir sem hraðast burt frá frelsinu, í ríkisfaðminn. Það sem Ísland þarf er jafnvægi.“

### Allt í vitleysu

Það er ekki seinna vænna að undirbúa jólamatinn.

„Hjá mér er allt komið í vitleysu,“ játar Kristín Helga.

„Fjölskyldan er á skíðum allan veturinn, börnin að æfa skíði, og við erum yfirleitt í útlönd um jól og yfir áramót, í litlum skálum uppi á fjöllum. En núna verðum við heima, þannig að ég þarf að dusta rykið af gömlu jólahæfðunum. Ég borða ekki lambalæri, af því að ég er

grænmetisæta, en hinir fá samt eitthvað við sitt hæfi – mamma kemur með kjöt handa þeim!”

– Borðið þið hjá foreldrum þínum?

„Við erum að rífast um það,” svarar hún og hlær. „Við deilum um það reglulega, því mömmu finnst hún eiga jólin!”

„Jólasiðirnir taka stöðugum breytingum hjá okkur hjónum,” segir Gerður Kristný. „Einhvern tíma fórum við tvö saman í bústað Eddunnar í Biskupstungum, svo komu börnin til sögunnar og síðan þá hefur það ekki hentað. Undanfarin tvö ár höfum við verið heima fjölskyldan og síðastliðin tvö ár höfum við meira að segja haft jólatré. Við höldum að syni okkar þætti það gaman, en honum var nákvæmlega sama. Kannski höldum við í síði sem engin þörf er á. En við höfum það fyrst og fremst notalegt heima, lesum bækur, borðum góðan mat, förum í gönguferðir meðfram Ægisíðunni og reynum að gera sem allra minnst.”

– Hvað borðið þið?

„Við höfum borðað hamburgarhrygg og í fyrra höfðum við líka humar. Nú er Kristján að tala um að elda önd, en mér er alveg sama – bara eitthvað gott.”

Hún þagnar til áhersluauka.

„Sjáðu bara hvað ég er meðfærileg!”

– Svo lengi sem hann eldar?

„Annars yrði aldrei eldað!” segir hún. „Ég get ekki ort ljóð og eldað!”

„Þetta er góð afsökun,” tekur Hallgrímur undir. „Mér hafði ekki dottið hún í hug. Það var reyndar lengi teórián að munur á ljóðskáldum og prósa höfundum væri sá að ljóðskáld væru ekki með bílpróf. Sigfús Daðason, Hannes Pétursson, Kristján Karlsson, Elías Mar! Svo var ég á gatnamótum á Tryggvagötu, þá var Matthías Johannessen á undan mér á jeppanum og hann komst ekki af stað, drap á bílnum, og ég hugsaði með mér: „Já, ekta ljóðskáld.”

### Blikkandi brjálæði

„Það er engar hefðir hjá okkur, bara et, spila og ver glaður,” segir Gunnar Hersveinn.

– Hvað spilið þið?

„Þúkk! Það er líklega eini jólasiðurinn sem ég kom með inn í sambandið; hann kemur frá afa og ömmu. Það er breytilegt hvað er í matinn, oftast naut eða lamb, svín kemst ekki að nógu oft.”

– Þú vildir að það væri oftast á borðum?

„Já, ég væri alveg til í það,” svarar Gunnar Hersveinn og brosir.

„Að bryðja puru,” laumar Hallgrímur að.

„Þetta er jólaramminn á heimilinu, og við erum með jólatré, en í vinnunni er ég þekktur fyrir að hata jólaskraut!” segir Gunnar Hersveinn. „Það fer í taugarnar á mér hvað ofskreytingin er mikil, þannig að ég bjó til jólaskrautsfrítt svæði á skrifstofunni minni.”

„Þegar Gunnar stal jólonum,” segir Gerður Kristný og hlær. „Mér finnst svona lagað falleg tilhugsun – að losna við þetta blikkandi brjálæði!”

Kristín Helga stenst ekki lengur mátið.



„Ég er jólabrjálæðingur! Ég hengi jólaskraut út um allt, það er allt í jóladóti, jafnvel eldgömlu og hálfónýtu frá ömmunum, ég get ekki hent því – bara hengi það upp!” „Við förum alltaf á Sægreifann og borðum Moby on a stick,” segir Hallgrímur brosandi, en er fljótur að leiðrétta sig: „Við höfum alltaf verið hjá foreldrum okkar, en verðum það ekki í ár. Nú er allt að breytast, ég veit ekki hvað við borðum, allir síðir eru í uppnámi. Og maður áttar sig á því þegar börnin spyrja hvað margir dagar eru til jóla, hvað þau eru fastheldin, og að við eigum eftir að búa til síði sem verða við lýði næstu tuttugu árin. Þetta er sjálfsgagt hluti af þessari endurnýjun sem þjóðin er að ganga í gegnum á öllum sviðum þessa dagana.”

„Það er alltaf mikil pressa frá krökkunum mínum fyrir jólin, auðvitað verður að vera jólatré og jólin yrðu óný ef við gerðum ekki piparkökuhús 1. desember,” segir Kristín Helga. „Annars kunni ég að baka þegar börnin mín voru minni, en kann það varla lengur. Mér finnst hinsvegar rosalega gaman að skreyta og elda. Þær eru kallaðar dodobínur og jólabrjálæðingar, kerlingarnar í minni fjölskyldu sem tryllast í skreytingum. En ég fer ekki út í garð, af því að þá myndi ég missa mig; ég yrði eins og Griswold-fjölskyldan [í Christmas Vacation]. En við köllum seríurnar skammdegisljós, því við setjum þær upp í október og tökum þær niður í febrúar mars.” „Sonur minn vildi að ég bakaði handa sér piparkökuhús,” segir Gerður Kristný, „þarf ég að taka það fram að ég kann ekki að baka?”

Og framtíðarmynd kviknar í huganum á Hallgrími: „Mamma mín var ljóðskáld, maður. Hún kunni ekkert að baka. Við fengum alltaf bara frónkex á jólonum.”

### Blúsuð um áramót

Hallgrímur segir að jólamorgun sé einskonar áramót

„Ég er jólabrjálæðingur! Ég hengi jólaskraut út um allt, það er allt í jóladóti, jafnvel eldgömlu og hálfónýtu frá ömmunum, ég get ekki hent því – bara hengi það upp!”

rithöfunda, þá sé jólabókaflóðið búið og hægt að byrja á nýrri bók. „Helst vil ég vera í sloppnum allan þann dag.“

Gerður Kristný bíður hinsvegar þar til nýtt ár gengur í garð. „Þá er ég búin að lesa mikið af nýjum bókum og það er gaman að setjast aftur við skriftir á nýju ári.“

Hún hikar.

„Nú erum við komin yfir jólin. Áttum við kannski ekki að fara svo langt?“

En Kristín Helga er forvitin.

„Nærðu að vera í sloppnum í rólegheitum allan jóladag?“

„Já, það ímynda ég mér,“ svarar Hallgrímur hugsí. „En kannski fer ég alltaf í jólaboð í hádeginu.“

„Í sloppnum?“ spyr Gerður Kristný.

„Já, ætli ég sé ekki fluttur í honum á milli húsa í leigubíl – æðislega saddur eftir allt átið og óhófið,“ segir Hallgrímur.

„Eða í börum í sjúkrabíl og færð næringu í æð og hjartahnoð á leiðinni,“ stingur Gerður Kristný upp á.

„Það er fyrir þá sem eiga allt, leigubíll er 2007, en sjúkrabíll 2008!“

„Ég vil helst vera í sloppnum á jóladag, en eftir að ég kynntist manningum mínum hef ég alltaf farið í jólaboð,“ segir Kristín Helga. „Einu sinni stakk ég upp á að allir yrðu í náttfötum og við létum verða af því, en bara einu sinni! Við vorum þau einu í náttfötum, krakkarnir, ég og Helgi, en hin voru öll í fötum. Svo þetta datt upp fyrir.“

– En strengið þið nýársheit?

„Aldrei,“ segir Gerður Kristný.

„Það er alltaf það sama,“ segir Hallgrímur, „að hætta alveg að reykja.“

„Ég skrifa örstutta stefnuskrá á gamlársdag,“ segir Gunnar Hersveinn og heldur áfram brosandi. „Þetta geta verið tíu línur og ekki beint markmið eða að minnsta kosti mjög óljós markmið.“

„Ég ætla að stela þessu, þetta er mjög sniðugt,“ segir Kristín Helga – en bætir við: „Mér hefur fundist áramótin erfið, tregafullur tími, alveg síðan ég var lítil. Ég þoli ekki sprengjurnar og fer inn í mig um áramót. Um þúsaldamótin átti enginn af lifa af nóttina, að sagt var, flugvélar að brotlenda og hvaðeina. Þá viku lét ég alla í fjölskyldunni skrifa hugsanir fyrir nýja öld, ég get verið svolítið ráðrík, og setja í þúsaldarkassa. Þessu var síðan safnað saman á gamlárskvöld, hugsanir fyrir sig og sína og heiminn og úniversið. Af og til tókum við þetta saman og lesum og grátum af því að það er svo fallegt.“

Hún þagnar.

„Þannig að ég verð mjög blúsuð á áramótum. Þá finnst mér allir koma til mín sem eru farnir; þeir sem hafa kvatt og eru ekki með manni lengur.“

– Hefur kannski gamall stóll fylgt fjölskyldunni þennan tíma?

„Nei,“ svarar Kristín Helga og hlær. „En áramótin eru tími til að halda utan um fólkið sitt.“

## Hefur þú áhuga á að starfa í forystu VR?

Samkvæmt 20 gr. laga VR auglýsir kjörstjórn eftir framboðum til formanns og í stjórn og trúnaðarráð félagsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn skriflegt erindi til kjörstjórnar á skrifstofu VR.

Skrifleg meðmæli 10 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns og til setu í stjórn.

Framboð til setu í trúnaðarráði er hægt að senda rafrænt á [kjorstjorn@vr.is](mailto:kjorstjorn@vr.is)

Framboðsfrestur er til kl. 12:00, 22. desember 2008.

**Kjörstjórn**



**Texti Ólafur Ísleifsson hagfræðingur**

## Hrunið og leiðin fram á við

Staðan í efnahagsmálum Íslendinga eins og hún blasir við í desember 2008 er þessi: Við erum enn á strandstað en hefur borist alþjóðlegt liðsinni við að komast á flot og hefja siglingu á ný.

Aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er reist á grundvelli efnahagsáætlunar saminn í samstarfi sjóðsins og stjórnvalda og ætlað að skapa jafnvægi og forsendur til að reisa við efnahaginn. Að öðru óbreyttu er aðkoma sjóðsins til þess fallin að skapa traust á að þessi markmið náist. Efnahagsáætlunin miðast við viðunandi jafnvægi inn á við og út á við, þannig að viðskipti við aðrar þjóðir verði hallalaus og að sjá megi fyrir sér jöfnuð í fjárhag ríkissjóðs innan fárra ára.

Brýnustu viðfangsefni eru að (1) koma af stað frjálsum gjaldeyrisviðskiptum, (2) koma utanríkisviðskiptum í eðlilegt horf úr því öngþveiti sem skapaðist, (3) reisa við bankakerfið og (4) semja við erlenda lánardrottna með það fyrir augum að Íslendingar endurheimti lántraust á alþjóðamörkuðum. Um leið þarf að leggja áherslu á að allar aðgerðir miði að því að verja heimilin og atvinnu fólks eins og frekast er kostur.

Allt þetta ár var ljóst að bankarnir væru í vanda staddir vegna hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu og mikillar skuldsetningar. Undir lok september var verulega farið að taka í hnúkana í efnahagsmálum. Krónan var fallin svo mjög að verð erlends gjaldeyris hafði þá þegar tvöfaldast. Verðbólgan var um 15%. Bankarnir voru hættir að lána. Byggingariðnaðurinn var lamaður og stór fyrirtæki á þeim vettvangi komin í prot eða á leið þangað. Stór hluti efnahagsvandans sem heimili og fyrirtæki glíma nú við var þegar kominn fram áður en bankarnir hrundu í byrjun október.

Viðbrögð stjórnvalda við efnahagskreppunni og falli bankanna hafa í meginráttum verið af tvennum toga: Fjármálaeftirlitinu var veitt nánast alræðisvald í bankamálum með neyðarlögum frá 6. október. Seðlabanka Íslands hefur verið veitt á móta alræðisvald í gjaldeyrismálum. Auknar valdheimildir þessara stofnana sýnast í engu samræmi við traustið sem þær njóta meðal almennings. Stjórnvöld virðast samkvæmt þessu telja ríkisvæðingu og miðstýringu fjármálalífs helstu úrræðin gegn hruninu. Almennit orðaðar yfirlýsingar um aðgerðir í þágu heimila og fyrirtækja hrökkva skammt meðan efnisinnihald liggur ekki fyrir. Óútskýrt er hvers vegna krónunni var fleytt aðeins sem haftakrónu öndvert við það sem áður hafði verið gefið í skyn. Engar skýringar hafa verið gefnar á því af hverju þurfti að hækka stýrivexti Seðlabankans í 18% eða taka erlent stórlán ef aðeins átti mynda grunn undir krónu reyrða í reglufjötra. Stefna stjórnvalda í gjaldeyris- og peningamálum virðist hulin þoku og mistri.

Hverjar eru ástæður þess vanda sem þjóðin glímir nú við? Fyrir utan afleiðingar hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu sem kemur hart niður hér á landi eins og víðast annars staðar tel ég að í efnahagslegu tilliti sé svarið þetta: Innsti kjarninn í efnahagsstefnunni brást. Hver er sá kjarni? Hann er sjálf umgjörð efnahagslífsins, gjaldmiðillinn. Tilraunin frá 2001 sem rekin hefur verið í nafni sjálfstæðrar myntar og sjálfstæðrar peningastefnu reyndist afdrifarík mistök og

hefur reynst þjóðinni dýrkeypt. Þessi tilraun átti sér engan viðunandi bakhjarl í seðlabanka búnum afli til að standa að baki krónunni.

Á sama tíma var fjármálageirinn settur í aukna hættu að því leyti að íslensku bankarnir voru hinir einu í Evrópu sem áttu sér ekki bakhjarl í seðlabanka með fjárhagslega burði til að leysa úr tímabundnum lausafjávanda sem getur ógnað jafnvel stöndugum bönkum. Stefna Seðlabankans um veitingu lána til þrautavara sýnist hafa verið óljós.

Þessi heimagerða peningastefna ásamt misráðnum aðgerðum, aðgerðaleyfi og ógætilegum ummælum hafa gert vandann ennþá þungbærari hér en annars staðar.

Ofan á allt þetta bættist ófyrirleitinn efnahagsatlagi bresku ríkisstjórnarinnar sem bitnar harðast á saklausum almenningsi. Óupplýst er um tildrög þess að Bretar beittu ákvæðum hryðjuverkalaga gegn íslenskum hagsmunum rétt eins og aðdragandi bankahrunsins virðist sveipaður þagnarhjúi. Tilraunin með fljóttandi krónu var rekin í nafni sjálfstæðrar peningastefnu en leiddi til þess að Íslendingar hafa misst efnahagslegt sjálfstæði sitt að hluta til. Draga verður réttar ályktanir af þessari tilraun við stjórn peningamála sem nú hefur beðið skipbrot. Fyrst er að endurtaka ekki mistök. Í alþjóðavæddum heimi eru ekki forsendur hér á landi til að reka mynt eina á báti eins og reynslan hefur sýnt. Í nafni efnahagslegs fullveldis og í nafni íslensks launafólks ber að leita eftir því á grundvelli umsóknar um aðild að Evrópusambandinu að fá inngöngu í evrópska myntbandalagið svo fljótt sem verða má og eignast um leið bakhjarl í Evrópska seðlabankanum.

Íslendinga sviður sárt að finna að orðspor lands og þjóðar hefur beðið hnekki á alþjóðavettvangi. Allt kapp verður að leggja á að endurheimta það traust sem þjóðinni ber. Efnahagsáætlun í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og aðildarumsókn að Evrópusambandinu eru aðgerðir fallnar til að skapa traust. En gera þarf meira til að endurheimta traust inn á við og á alþjóðlegum vettvangi. Íslendingar verða að endurheimta þetta traust með því að þeir sem ábyrgð bera axli hana í anda vestrænna lýðræðishefða. Eins verður þjóðin að horfast í augu við nýliðna atburði. Hér þarf óháða úttekt með atbeina alþjóðlegra stofnana og erlendra manna sem njóta virðingar og trausts til að það megi liggja fyrir gagnvart umheiminum og okkur sjálfum hvernig það gat gerst að vestrænt hagsældar- og velferðarríki meðal hinna auðugustu í heimi skyldi rata í þá stöðu að eiga ekki annars úrkosti en leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, fyrsta þróaða ríkið í 40 ár.

Bjartsýni Íslendinga og dugnaður munu reynast drjúg við að brjótast út úr kreppunni. Skörp skil sýnast hafa myndast með þéttari samstöðu almennings og aukinni lýðræðisvitund. Stjórnvöld verða að bregðast við ákalli fólks hvarvetna úr þjóðfélaginu um breytingar. Íslensk þjóð hefur fulla burði til að reisa við íslenskt efnahagslíf og koma skútunni á fullt skrið hraðar en nokkurn hefði órað fyrir.

Á röltinu

# Félagsmenn VR

VR blaðið leit við í Sjóva og VÍS einn bjartan dag í byrjun desember og spurði þá spjörunum úr



## Sandra Karen Ragnarsdóttir

Starfsmaður SJÓVÁ Kringlunni

Stjörnumerki? Krabbi

Hvít eða rauð jól? Hvít

Uppáhalds jólamatur? Svínahryggur (ekki reyktur) með hvítum kartöflum og góðri sósu.

Hvað langar þig mest í jólagjöf? Hjúkku-úr.

Jólabókin í ár? Vonarstræti eftir Ármann Jakobsson.

Hvað ætlarðu að gera um jólin? Vera með fjölskyldunni



## Sigríður María Jónsdóttir

Starfsmaður SJÓVÁ Kringlunni

Stjörnumerki? Vog

Hvít eða rauð jól? Hvít ef það snjóar klukkan 15 á aðfangadag

Uppáhalds jólamatur? Purusteik

Hvað langar þig mest í jólagjöf? Ferð til útlanda

Jólabókin í ár? Segðu mömmu að mér líði vel eftir Guðmund Andra

Hvað ætlarðu að gera um jólin? Bara að njóta jólanna



## Þorbjörn Geir Ólafsson

Starfsmaður VÍS Ármúla

Stjörnumerki? Tvíburi

Hvít eða rauð jól? Hvít

Uppáhalds jólamatur? Hreindýralund

Hvað langar þig mest í jólagjöf? Skíði og það sem fylgir

Jólabókin í ár? Myrká eftir Arnald Indriðason

Hvað ætlaðu að gera um jólin? Vera heima, borða góðan mat og slappa af með fjölskyldunni



## Bjarki Þór Atlason

Starfsmaður VÍS Ármúla

Stjörnumerki? Ljón

Hvít eða rauð jól? Hvít

Uppáhalds jólamatur? Hamborgarhryggur með öllu

Hvað langar þig mest í jólagjöf? Eitthvað úr Húsasmiðjunni

Jólabókin í ár? Bókaþjófurinn eftir Markus Zusak

Hvað ætlaðu að gera um jólin? Ætla að reyna að slappa af

## Kjaramál

# Jólatörnin í verzlunum

Vertu með réttindi þín á hreinu fyrir mestu vinnutörn ársins

Í tilefni þess að mesta vinnutörn ársins hjá afgangsluþólki, jólaverslunin, er framundan er komið að hinum árlegu minnisþingum kjarasviðs VR um ýmis atriði sem lúta að réttindum og skyldum þess hóps.

### Skráning vinnutíma

Þegar mikið er að gera er góð vinnuregla að skrá niður vinnutíma sinn. Í mörgum tilvikum er um talsverða aukavinnu að ræða og mikilvægt að halda vel utan um tímaskráningu svo komast megi hjá misskilningi og mistökum við útreikning launa.

Þar sem flestar verslanir ráða tímabundið til sín skólafólk yfir háannatímamann er einnig mikilvægt að hnykkja á þessu atriði við nýtt samstarfsfólk.

### Frídagur yfir hátíðarnar eru:

**Eftir kl. 12** á aðfangadag (stórhátíðardagur)

**Jóladagur** (stórhátíðardagur)

**Annar í jólum** (almennur frídagur)

**Eftir kl. 12** á gamlársdag (stórhátíðardagur)

**Nýársdagur** (stórhátíðardagur)

Ekki er vinnuskylda á þessum dögum eða dagspörtum og skulu launþegar halda sínum dagvinnulaunum óskertum. Auk þess má minna á að fyrsta vinnudag eftir jól skal dagvinna í verzlunum hefjast kl. 10.

### Laun á frídögum

Samþykki launþegar að taka að sér vinnu á frídögum skal greiða eftirvinnukaup (yfirvinnukaup ef vinna þessi er umfram 171,15 klst. hjá afgangsluþólki), fyrir vinnu á almennum frídögum og stórhátíðakaup, fyrir vinnu á

stórhátíðadögum. Kaupið reiknast þannig:

**Eftirvinnukaup:** 0,8235% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu

**Yfirvinnukaup:** 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu

**Stórhátíðarkaup:** 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu

Hefðbundin dagvinnulaun launþega í föstu og reglubundnu starfi haldast auk þess óbreytt.

### Daglegur hvíldartími

Á hverjum sólarhring á starfsmaður rétt á 11 klst. hvíld. Óheimilt er samkvæmt lögum að skipuleggja vinnu á þann hátt að vinnudagurinn sé lengri en 13 klst.

### Frávik og frítökuréttur

Ef 11 klst. hvíld næst ekki skal veita hana síðar. Þannig safnast svokallaður frítökuréttur upp. Fyrir hverja klst. sem 11 tíma hvíldin skerðist um öðlast starfsmaður 1,5 klst. í dagvinnu í frítökurétt.

**Dæmi:** Starfsmaður hefur störf kl. 08:00. Hann lýkur störfum kl. 23:00 og kemur aftur til vinnu kl. 08:00 daginn eftir. Samfelld hvíld á milli vinnudaga er einungis 9 klst. Hvíldartími hefur þ.a.l. verið skertur um 2 klst. og öðlast viðkomandi starfsmaður því frítökurétt uppá 3 klst. fyrir vikið.

*Undir öllum kringumstæðum er óheimilt að skerða 8 klst. samfellda hvíld.*







### **Vikulegur frídagur**

Vinnu skal skipuleggja á þann hátt að hver starfsmaður fái a.m.k. einn vikulegan frídag.

Ef starfsmaður er látinn vinna 7 daga í röð á hann rétt á fríi á virkum degi í næstu viku á eftir, án skerðingar launa.

### **Helgarvinna**

Þegar unnið er á laugardögum og sunnudögum greiðist aldrei minna en fyrir 4 klst., þótt unnið sé skemur.

### **Matar- og kaffítímar**

**Hádegismatartími:** Á bilinu ½ - 1 klst. (háð samkomulagi). Þessi matartími telst ekki til vinnutíma. Starfsfólk þarf að vinna a.m.k. 5 klst. til að öðlast rétt til matartíma í hádeginu.

**Kvöldmatartími:** 1 klst. (á milli kl. 19 og 20) og telst til vinnutíma. Ef kvöldmatartíminn eða hluti hans er unninn skal greiða þann hluta með tvöföldu kaupi. Réttur til kvöldmatartíma miðast við a.m.k. 4,5 klst. vinnu.

**Kaffítími:** 35 mínútur á dag hjá afgangsluðfólki, (15 mín hjá skrifstofólki) miðað við fullan vinnudag. Er veitt í beinu hlutfalli við vinnutíma starfsfólks í hlutastörfum.

Ef unnið er lengur en til kl. 22:00 skal veita annan 20 mínútna kaffítíma á tímabilinu kl. 22:00 - 22:20. Á Þorláksmessu er heimilt að veita þann kaffítíma á bilinu kl. 21:40 - 22:20.

### **Desemberuppbót**

Að lokum er rétt að minna á að desemberuppbót til félagsmanna VR skal greiðast ekki síðar en 15. desember. Desemberuppbót í ár fyrir fullt starf á árinu er kr. 50.000, skv. kjarasamningi VR og SA. og VR og FÍS Breytingar urðu á uppbótum í samningum við FÍS við gerð síðustu kjarasamninga

Greinin er miðuð við kjarasamning VR og SA. VR semur einnig við FÍS og nálgast má upplýsingar um þann samning á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), eða hjá starfsfólki kjaramáladeildar VR.

Þetta eru helstu atriði sem hafa ber í huga í annríki jólaverslunarinnar. Ef upp koma spurningar eru starfsmenn kjarasviðs ávallt reiðubúnir að aðstoða. Síminn er 510 1700 og netfangið [www.vr.is](http://www.vr.is)

**Með jólakveðju,  
Starfsfólk VR**





## Fyrirtæki ársins 2009

# Oft var þörf, nú er nauðsyn

Könnun VR á fyrirtæki ársins og launakjörum félagsmanna 2009 er í startholunum

Það hefur líklega aldrei verið mikilvægara en nú að starfsmenn fyrirtækja fái tækifæri til að koma því á framfæri við stjórnendur hvernig þeim líður í vinnunni, hvernig starfsandinn er á vinnustaðnum og hvernig samskiptin eru. Það er líka brýnt á tímum eins og nú eru í íslensku atvinnulífi að stjórnendur fái upplýsingar um líðan starfsmanna og hver afstaða þeirra til fyrirtækisins er.

### Fyrirtæki ársins – samskiptavettvangur þinn

Könnun VR á fyrirtæki ársins 2009 og launakjörum félagsmanna verður gerð í febrúar á næsta ári en undirbúningur fyrir hana er hafinn. Þegar kveðingur á á atvinnumarkaði vill oft gleymast að huga vel að samskiptum milli starfsmanna og stjórnenda. Könnun VR á fyrirtæki ársins er því kjörinn vettvangur fyrir starfsmenn að koma sínum skoðunum á framfæri við stjórnendur. Í könnuninni eru spurningar um afstöðu starfsmanna bæði til starfsins sjálfs og til stjórnenda, spurningar sem snúa að aðbúnaði starfsmanna og spurningar um samskiptin á vinnustaðnum, svo eitthvað sé nefnt.

### Fyrirtæki ársins – allir geta verið með

Undanfarin ár hefur fyrirtækjum staðið til boða að allir starfsmenn fyrirtækisins, óháð því hvort þeir séu í VR eða ekki, geti tekið þátt í könnun á fyrirtæki ársins. Í ár verður engin breyting þar á og geta fyrirtæki óskað þess að allir starfsmenn fái spurningaeyðublað. Þátttaka fullgilda félagsmanna er þeim og fyrirtækjunum að kostnaðarlausu en kostnaður fylgir þátttöku annarra starfsmanna. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), undir liðnum Kannanir VR. Við hvetjum fyrirtæki til að nýta sér þetta og gefa þannig öllum starfsmönnum færi á að tjá skoðanir sínar.

### Launakönnun – mikilvægt tæki starfsmanna

Launakönnun VR er eitt mikilvægasta tæki félagsmanna í því markaðslaunakerfi sem nú er við lýði á atvinnusvæði VR félaga. Könnunin sýnir hver markaðslaun eru innan atvinnugreina og eru niðurstöðurnar greindar eftir starfsheitum og fleiri bakgrunnspáttum. Í niðurstöðunum má bæði sjá meðallaunin en einnig hvernig launadreifingin er, þ.e. hversu mikil breidd er í launum félagsmanna í sömu störfum innan sömu atvinnugreinar.

### Við hvetjum þig til að taka þátt

Könnun VR á fyrirtæki ársins og launakjörum félagsmanna hefur verið gerð í áratug en aldrei á jafn viðsjárverðum tímum og nú. Haft verður samband símléiðis við alla fullgilda félagsmenn í janúar og febrúar og þeim boðin þátttaka óháð því hvort fyrirtækið hefur ákveðið að bjóða öllum starfsmönnum þátttöku eða ekki. Við hvetjum alla félagsmenn til að nota tækifærið og taka þátt í þessari könnun. Niðurstöður hennar verða birtar í tvennu lagi, fyrirtæki ársins verða kynnt í maí og launatölurnar í september. Niðurstöðurnar skipta miklu máli, bæði fyrir félagsmenn og stjórnendur.



# Hvernig líður starfsfólkinu þínu í vinnunni?

## Fyrirtæki ársins 2009

Öll fyrirtæki geta tekið þátt í könnun VR, **Fyrirtæki ársins**. Stjórnendur þeirra geta svo nýtt sér niðurstöðurnar og fengið skýra mynd af aðbúnaði og ánægju starfsfólksins. Þessar upplýsingar koma sér vel í daglegum rekstri. Það er því allra hagur að sem flestir segi hvað þeim finnst.

**Hvetjum samstarfsfólk okkar til að taka þátt í könnuninni!**

Athugið að skila þarf inn þátttökulistum í síðasta lagi 5. janúar 2009. Allar nánari upplýsingar fást á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), eða með því að senda póst á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is)